

# Söngbók Brákarborgar



<b>Efnisyfirlit</b>	Veturinn líður .....	8
Haust og vetur .....	Út um mela og móa.....	8
Berjaför .....	Lóan er komin.....	8
Mér er kalt á tánum .....	Ef væri ég söngvari .....	8
Ég heyri þrumur .....	Upp á grænum.....	9
Haustvísa .....	Litla flugan .....	9
Fatavísur .....	Vaki vogar .....	9
Út um mó.....	Sabokoaje .....	9
Krummi krunkar úti .....	Hann Tumi fer á fætur .....	9
Leikskólalagið .....	Bjarnastaðabeljurnar .....	9
Kalli litli könguló .....	Sól skín á mig .....	9
Regndropar.....	Við göngum mót.....	9
Sumri hallar .....	Signir sól.....	10
Siggi var úti .....	Sólin skín og skellihlær.....	10
Snjókorn falla .....	Með sól í hjarta.....	10
Krumminn á skjánum.....	Vikivaki .....	10
Tunglið má ekki.....	Krakkar út kátir hoppa .....	10
Mánaskin er úti.....	Káti vegfarandinn .....	10
Þegar barnið í fót sín fer .....	Lonnieturnar .....	11
Frost er úti fuglinn minn.....	Krumminn í hlíðinni .....	11
Nú er úti norðanvindur .....	Sá ég spóa .....	11
Þorraþræll.....	Foli fótalipri .....	11
Nú gaman, gaman er.....	Upp á fjall.....	11
Háttatími á himnum .....	Ríðum heim til Hóla .....	11
Labba út í mónum.....	Öxar við ána.....	11
Skýin .....	Í Hlíðarendakoti .....	12
Tröllalögin.....	Hafið bláa hafið.....	12
Glettinn máninn.....	Kátir voru karlar.....	12
Öskudagur .....	Nú er sumar .....	12
Máninn hátt á himni skín .....	Hreyfilög .....	13
Á öskudaginn.....	Apalagið .....	13
Bollu- sprengi- og öskud.söngvar .....	Við klöppum öll í einu.....	13
Vor og sumar .....	Hreyfa – frjósa.....	13
Vor og sumar .....	Sláðu og sláðu .....	13
Vertu til .....	Tombai .....	13
Við erum söngvasveinar .....	Baggalútur.....	13
Göngum upp í gilið.....	Vinka með tánum .....	13
Það búa litlir dvergar .....	Ein stutt, ein löng .....	13

pú skalt klappa.....	14	Sól úti, sól inni.....	21
Froskur, api og eðla.....	14	Litlir froskar.....	21
Baramsamsam.....	14	Gamli Nói.....	21
Karl gekk út um morguntíma.....	14	Hjólin á strætó.....	22
Óli í skógi.....	14	Tilfinningablús.....	22
Afmælisleikur.....	14	Bjöllukýrin.....	22
Tvö skref til hægri.....	15	Kubbahús.....	22
Hóký-Póký.....	15	Ærin segir me me.....	22
Allir hafa eitthvað til að ganga á.....	15	Hér búálfur.....	22
Reykurinn.....	15	Brunabíll, köttur, skógarþröstur.....	23
Líkaminn og fötin.....	15	Um gluggann flygur.....	23
Faðir Abraham.....	16	Droparnir.....	23
Í rigningu ég syng.....	16	Allur matur.....	23
Margt þarf að gera.....	16	Ýmislegt.....	24
Bátasmiðurinn.....	16	Draumahöllin.....	24
Ég á gamla frænku.....	16	Á Sprengisandi.....	24
Fíllinn.....	17	Mér finnst best að borða.....	24
Einn sjómaður.....	17	En hvað það var skrítið.....	24
Draugalagið.....	18	Ljúfir fagnaðarfundir.....	24
Draugalagið.....	18	Afmælisöngurinn.....	24
Fiskalagið.....	18	Við erum vinir.....	24
Yngstu börnin.....	19	Ég heiti Lína langsokkur.....	25
Hreyfa-frjósa söngurinn.....	19	Lína langsokkur.....	25
Tú, tú.....	19	Brákarborg.....	25
Mýsnar dansa og hoppa.....	19	Velkomnir krakkar.....	25
Bangsi lúrir.....	19	Allir þurfa að eiga vin.....	25
Bíum, bíum bambaló.....	19	Lítill heimur.....	26
Hvar ert þú?.....	19	Api í góðu skapi.....	26
Sex litlar endur.....	19	Litli fugl.....	26
Dansi dúkkan mín.....	19	Dýravisur.....	26
Allir krakkar.....	19	Hver var að hlæja?.....	26
Ég ætla að syngja.....	20	Kísa mín.....	26
Stökur.....	20	Hanarnir tveir.....	26
Doddi litli.....	21	Syngjandi geng ég allsstaðar.....	27
Gæsamamma.....	21	Myndin hennar Lísu.....	27
Litlu andarungarnir.....	21	Amma og draugarnir.....	28
Keli káti karl.....	21	Söngurinn hennar Siggú.....	28
Tönnin mín.....	21	Einn Hljómlistamaður.....	28

Lobbukvæði.....	28	Gekk ég yfir sjó og land.....	39
Ég langömmu á.....	29	Göngum við í kringum.....	39
Palli einn í heiminum.....	29	Það á að gefa börnum brauð.....	39
Löggukall.....	30	Í skóginum stóð kofi einn.....	39
Ryksugulagið.....	30	Jólasveinar einn og átta.....	40
Litla músin.....	30	Jólasveinar ganga um gólf.....	40
Pálína með prikið.....	30	Krakkar mínir komiði sæl.....	40
Veistu að ég á lítinn dreng.....	31	Jólasveinninn minn.....	40
Indíáanalagið.....	31	Skín í rauðar skotthúfur.....	41
Gleraugun hans afa.....	31	Skreytum hús með greinum.....	41
Einn var að smíða.....	31	Snæfinnur snjókarl.....	41
Meistari Jakob.....	32	Folaldið mitt hann Fákur.....	41
Hæ, góðan dag.....	32	Ég fæ jólagjöf.....	42
Halli.....	32	Þá nýfæddur Jesú.....	42
Snati og Óli.....	33	Í Betlehem er barn oss fætt.....	42
Komdu niður.....	33	Nú er Gunna á nýju skónum.....	42
Guttavísur.....	34	Babbi segir.....	42
Óskasteinar.....	34	Litla jólabarn.....	43
Kvæðið um fuglana.....	34	Heims um ból.....	43
Stína litla.....	35	Aðventukransinn.....	43
Tveir kettir.....	35	Nú skal segja.....	43
Systa mín.....	35	Jólastjarnan.....	44
Kardimommubærinn.....	35	Jóla-jólasveinn.....	44
Lagið um það sem er bannað.....	36	Jólaklukkan klingja.....	45
Óli fór til Bertu.....	36		
Dansar á pallinum.....	36		
Fimmeyringurinn.....	36		
Hvar er húfan mín?.....	36		
Litirnir.....	37		
Litapula.....	37		
Gulur, rauður.....	38		
Dagar og mánuðir.....	38		
Einn og tveir.....	38		
Einn lítill.....	38		
Jólaög.....	39		
Adam átti syni sjö.....	39		
Bráðum koma blessuð jólin.....	39		
Ég sá mömmu kyssa jólasvein.....	39		

# Haust og vetur

## Berjaför

Litli Siggj, litla Sigga  
löbðu út í mó.  
Bæði ber að tína  
í berjafötu sína.  
Það var gaman, það var gaman  
Hopp og hæ og hó.

Litli Siggj, litli Siggj  
litla þúfu fann.  
Blessuð berin ljúfu  
bygðu alla þúfu.  
Eitt af öðru, eitt af öðru  
upp í munninn rann.

Litla Sigga, litla Sigga  
lítinn bolla sá.  
Enn sá litaljóminn  
litlu fögru blómin.  
Þau ég tíni, þau ég tíni  
þau skal mamma fá.

## Mér er kalt á tánum

Mér er kalt á tánum  
ég segi það satt,  
ég er skólaus og skjálfandi  
og hef engan hatt.  
Það snjóaði í morgun  
það snjóaði í dag  
ég er hreint alveg ráðalaus  
en hvað um það  
ég syng mína vísu um snjóinn og mig  
tralalalalalala um snjóinn og mig.

## Ég heyri þrumur

Ég heyri þrumur  
Heyrir þú  
Droparnir detta  
Ég er gegnblautur

## Haustvísa

Hvert er horfið laufið sem var grænt í gær.  
Þótt ég um það spyrji verð ég engu nær.  
Blöðin grænu hafa visnað  
orðin gul og rauð.  
Ef ég horfi miklu lengur  
verður hrísan auð.

Nú er ís á vatni sem var autt í gær.  
Yfir landið hélugráum ljóma slær  
Ég brýt heilann um það  
segðu mér hvað heldur þú:  
Kemur haustið fyrst á morgun  
er það komið nú?

Nú er grettin jörðin eins og gamalt skar,  
sjást nú gráar hærur þar sem grasið var.  
Yfir fyrrum gróna bala  
lyggja frosin spor.  
Ég verð kuldatið að þola  
þar til kemur vor.

## Fatavísur

Sumarfötin, sumarfötin  
setjum inn í skáp.  
Geymum þau í vetur,  
klæðum okkur betur.  
Sumarfötin, sumarfötin  
setjum inn í skáp.

Þykku fötin, þykku fötin  
þykja best í snjó.  
Þegar út við þjótum  
og karl úr snjó við mótum.  
Þykku fötin, þykku fötin  
þykja best í snjó.

Pollafötin, pollafötin  
puðumst við nú í.  
Úti regnið bylur,  
stétt og polla hylur.  
Pollafötin, pollafötin  
puðumst við nú í.

### **Út um mó**

Út um mó, inn í skóg,  
upp í hlíð í grænni tó.  
Litlu berin lyngi vaxa á  
tína, tína, tína má.

Tína þá berjablá  
börn í lautu til og frá.  
Litlu berin lyngi vaxa á  
tína, tína, tína má.

### **Krummi krunkar úti**

Krummi krunkar úti,  
kallar á nafna sinn.  
Ég fann höfuð af hrúti,  
hrygg og gæruskinn.  
Komdu nú og kroppaðu með mér  
krummi nafni minn.

### **Leikskólalagið**

Í Brákarborg er gaman  
þar leika allir saman  
leika úti og inni  
og allir eru með.

Hnoða leir og lita  
þið ættuð bara að vita,  
hvað allir eru duglegir  
í leikskólanum hér.

### **Kalli litli könguló**

Kalli litli könguló  
klifraði upp á topp.  
Þá kom regnið og  
Kalli litli féll.  
Upp kom sólin og  
þerraði hans kropp.  
Kalli litli könguló  
klifraði upp á topp.

### **Regndropar**

Með vindinum þjóta skúraský  
;:drýpur drop, drop, drop;:  
og droparnir hníga og detta ´ á ný  
;:drýpur drop, drop, drop;:

Og smáblómin vakna ´ eftir  
vetrarblund  
;:drýpur drop, drop, drop;:  
þau augu sín opna er grænkar grund  
;:drýpur drop, drop, drop;:

### **Sumri hallar**

Sumri hallar hausta fer,  
heyri snjallir ýtar:  
Hafa fjallahnjúkarnir  
húfur mjallahvítar.

Girnast allar elfur skjól  
undir mjallarþaki.  
Þorir varla að sýna sól  
sig að fjallabaki.

Ég get verið þýðan þín,  
þegar allt er frosið  
því sólin hún er systir mín,  
sagði litla brosið.

### **Siggi var úti**

Siggi var úti með ærnar í haga,  
allar þær stukku suður í mó.  
Smeykur um holtin var hann að  
vaga,  
vissi'hann að lágfóta dældirnar smó.  
gagg, gagg, gagg gaggar tófan í grjóti.  
Gráleitum augunum trúi ég hún gjóti.  
aumingja Siggí, hann þorir ekki heim.

### **Snjókorn falla**

Snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt.  
Nú er skemmtilegt að líta  
okkar landið kalda hvíta,  
snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt.

Syngjum æ, æ hopp og hí og hæ,  
svo það hljómi í þorpi borg og bæ.  
Inn í dölum uppi á fjöllum  
ómar loft af hlátrasköllum  
Syngjum æ, æ hopp og hí og hæ.

### **Krummi svaf í klettagjá**

Krummi svaf í klettagjá,  
kaldri vetrarnóttu á.  
:,:Verður margt að meini,:  
Fyrir en dagur fagur rann  
freðið nefið dregur hann  
:,:undan stórum steini,::

Allt er frosið úti gor  
ekkert fæst við ströndu mor  
:,:svengd er metti mína,:  
ef að húsum heim ég fer  
heimafrakkur bannar mér  
:,:seppi úr sorpi að tína,::

### **Krumminn á skjánum**

Krumminn á skjánum,  
kallar hann inn:  
„Gef mér bita af borði þínu,  
bóndi minn,“  
Bóndinn svarar býsna reiður:  
„Burtu farðu, krummi leiður!  
Líst mér að þér lítill heiður,  
ljótur ertu á tånun,  
krumminn á skjánum.“

### **Tunglið má ekki**

Tunglið má ekki taka hann Óla  
til sín upp í himnarann.  
Þá fer mamma að gráta og góla  
og gerir pabba sturlaðan.

### **Mánaskin er úti**

Mánaskin er úti;  
maður dundar sér.  
Áttu nokkurn pappír,  
pappír handa mér,  
pappír til að skrifa  
pínulítið bréf;  
annað er svo verra  
ekkert ljós ég hef.

Engan pappír á ég  
enda komin nótt.  
Senn fer ég að sofa,  
sofa vært og rótt.  
Gáðu til þíns granna,  
glaður eldur var  
inni fyrir áðan;  
enda rýkur þar.

### **Þegar barnið í föt sín fer**

Þegar barnið í föt sín fer,  
fjarska margt að læra þörf er hér,  
fyrst er reynt að hneppa hnapp,  
í hnappagatið loks hann slapp.  
Renna lás og reyma skó,  
reyndar finnst mér komið nóg,  
þetta er gjörvalt í grænum sjó.  
Við skulum:  
:,:hneppa, renna, smella, hnýta,::  
hnýta slaufu á skó.

### **Frost er úti fuglinn minn**

Frost er úti fuglinn minn,  
ég finn hvað þér er kalt.  
Nærðu engu í nefið þitt  
því nú er frosið allt.

En ef þú bíður augnablik  
ég ætla að flýta mér  
og biðja hana mömmu mína  
um mylsnu handa þér.

### **Nú er úti norðanvindur**

Nú er úti norðanvindur  
nú er hvítur Esjutindur.  
Ef ég ætti úti kindur  
mundi ég láta þær allar inn,  
elsku bestu vinur minn.

Umbarassa...

Upp er runninn öskudagur  
ákaflega skýr og fagur.  
Einn með poka ekki ragur.  
Úti vappar heims um ból,  
góðan daginn og gleðileg jó!

Þarna sé ég fé á beit  
eigi er því að leyna.  
Nú er ég kominn upp í sveit  
á rútunni hans Steina  
skilurðu hvað ég meina?

### **Þorrabræll**

Nú er frost á Fróni  
frýs í æðum blóð.  
Kveður kuldaljóð,  
Kári í jötunmóð.  
Yfir laxalóni lyggur klakaþil.  
Hlær við hríðarbyl  
hamragil.

Mararbáran blá,  
brotnar þung og há,  
unnar steinum á,  
yggld og grett á brá.  
Yfir aflatjóni  
æðrast skipstjórinn.  
Harmar hlutinn sinn  
hásetinn.

### **Nú gaman, gaman er**

Nú gaman, gaman er  
í góðu veðri að leika sér  
og fönnin hvít og hrein  
og hvergi sér á stein.  
Ó, já, húrra, tra la.  
Svo bind ég skíði á fiman fót  
og flýg um mó og grjót.  
Húrra, húrra, húrra.

### **Háttatími á himnum**

Hvað gerir sólin þegar hún sest á  
kvöldin?  
Háttar litlu geislana oní  
himinsængina  
og fyrir stóru gluggana hún dregur  
stjörnutjöldin,  
það gerir sólin á kvöldin.

Hvað gerir tunglið þegar það tekur  
völdin?  
Hristir silfurhattinn sinn, svo hrynur  
úr onum draumurinn  
og sáldrast yfir koll og kinn er sefur  
barna fjöldinn,  
það gerir tunglið á kvöldin.



### **Labba út í mónum**

Labba ´ út í mónum, labba ´ út í  
mónum,  
tína ber, tína ber,  
verða kalt á klónum, verða kalt á  
klónum,  
hlaupa, hlaupa heim, hlaupa, hlaupa  
heim.

Klifra í klettunum, klifra í klettunum,  
litast um, litast um,  
verða kalt á tánum, verða kalt á  
tánum,  
hlaupa, hlaupa heim, hlaupa, hlaupa  
heim.

Róa til fiskjar, róa til fiskjar,  
renna ´ og draga þorsk, renna ´ og  
draga þorsk,  
háar eru báurnar, háar eru  
báurnar,  
best að halda heim, best að halda  
heim.

### **Skýin**

Við skýin felum ekki sólina af illgirn  
(klapp, klapp, klapp)  
Við skýin erum bara að horfa á leiki  
mannanna (klapp, klapp, klapp)  
Við skýin sjáum ykkur hlaupa-  
oouúúííh!  
Í rokinu!  
Klædd gulum, rauðum, grænum og  
bláum regnfötum.  
Eins og regnbogi meistarans,  
regnbogi meistarans,  
en við skýin erum bara grá, bara grá,  
á morgun kemur sólin,  
hvað verður um skýin þá?

### **Tröllalögin**

Hérna koma nokkur risa tröll, hó, hó  
Þau öskra svo að bergmálar um fjöll,  
hó, hó  
Þau þramma yfir þúfurnar,  
svo fljúga burtu dúfurnar.  
En bak við ský er sólin hlý í leyni,  
hún skín á tröll svo verða þau að  
steini.

Hátt upp á fjöllunum búa þrjú tröllin.  
Tröllapabbi, tröllamma og litli  
Tröllli rölli  
Bú! sagði tröllapabbi, bú, sagði  
tröllamma  
En hann litli Tröllli rölli sagði ekki  
neitt-sss

### **Glettinn máninn**

Glettinn máninn gægist gjarnan til  
mín inn.  
Sýnist vilja segja sjá þú geisla minn.  
Málað hef ég marga mynd á dal og  
strönd,  
set þær mánasilfri, sýnt þar  
töfralönd.

Hátt í himinveldi hreykir máninn sér.  
Hann er oft að hlæja, hlær að mér  
og þér.  
Skuggana hann skammar, skýst á  
undan þeim.  
Silfurörvar sínar sendir út í geim

### **Álfareiðin**

Stóð ég úti í tunglsljósi, stóð ég út  
við skóg,  
stórir komu skarar af álfum var þar  
nóg.  
Blésu þeir á sönglúðra, og bar þá að  
mér fljótt,  
og bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum  
yfir grund,  
hornin jóa gullroðnu blika við lund,  
eins og þegar álfir af ísa grárrí  
spöng  
fljúga suður heiði með fjaðrabýt og  
söng.

Heilsaði hún mér drottningin og hló  
að mér um leið,  
hló að mér og hleypti hestinum á  
skeið.  
Var það út af ástinni ungu, sem ég  
ber?  
Eða var það feigðin sem kallaði að  
mér?

### **Öskudagur**

Allir hlæja á öskudaginn  
ó, hve mér finnst gaman þá.  
Hlaupa lítil börn um bæinn  
og bera poka til og frá.

### **Máninn hátt á himni skín**

Máninn hátt á himni skín,  
hrímföður og grár.  
Líf og tími líður  
og liðið er nú ár.

Bregðum blysum á loft,  
bleika lýsum grund.  
Glottir tungl og hrín við hrönn  
og hratt flýr stund.

Kyndla vora hefjum hátt,  
horfið kveðjum ár.  
Dátt við dansinn stígum.  
Dunar ísinn grár.

Nú er veður næsta frítt,  
nóttin er svo blíð.  
Blaktir blys í vindi,  
blaktir líf í tíð.

### **Á öskudaginn**

Úti í bæ á öskudaginn  
eru skrýtin læti.  
Krakkar á því kunna lag,  
kvik og létt á fæti.  
Létt og hljótt að læðast um,  
lauma á fólki pokum.  
Tral-la, la. la.  
Úti í bæ á öskudaginn  
eru skrýtin læti.

## **Bollu- sprenqi- og öskud.söngvar**

(Lag: Við erum söngvasveinar)

Á bolludegi fer ég  
með bolluvönd á kreik.  
Mér alltaf þykir gaman  
að iðka þennan leik.  
Ég bolla og bolla  
á bossann á þér fast ég sló  
bolla og bolla  
og bollu í laun ég fæ.  
;,:Já, bragðgóðar eru bollurnar.....,:  
Húllum hæ.

Á sprengidegi er bumban  
að springa hreint á mér  
því magnið er ei smátt  
sem í magann á mér fer.  
Af saltkjöti og baunum  
ég saðningu í magann fæ  
af saltkjöti og baunum  
ég saddur er og hlæ.  
;,:Já bragðgóðar eru baunirnar.,:  
Húllum hæ.

Á öskudegi fer ég  
með öskupoka af stað  
og elti menn og konur  
sem ekkert vita um það.  
Hengi svo poka  
á hinn og þennan sem ég næ;  
lauma á þá poka  
læðist burt og hlæ.  
;,:Svo dingla þeir þarna pokarnir.....,:  
Húllum hæ.

# Vor og sumar

## Vertu til

Vertu til er vorið kallar á þig  
vertu til að leggja hönd á plóg.  
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig  
sveifla haka og rækta nýjan skóg.

## Við erum söngvasveinar

:Við erum söngvasveinar  
á leiðinni út í lönd:  
leikum á flautu, á skógarhorn,  
á skógarhorn,  
leikum á flautu, fiðlu' og skógarhorn.  
Og við skulum dansa hopsasa,  
hopsasa, hopsasa,  
við skulum dansa hopsasa -  
HOPSASA!

## Göngum upp í gilið

Göngum, göngum,  
göngum upp í gilið  
gljúfrabúann til að sjá.  
Þar á klettasyllu svarti krummi  
sínnum börnum lyggur hjá.

## Það búa litlir dvergar

Það búa litlir dvergar í björtum dal  
á bak við fjöllin háu í skógarsal.  
Byggðu hlýja bæinn sinn,  
brosir þangað sólin inn.  
Fellin enduróma allt þeirra tal.

## Veturinn líður

Veturinn líður, veturinn líður,  
vorblærinn þíður vaknar á ný.  
:Þá syngja allir fuglar bella bimba:

## Út um mela og móa

Út um mela og móa  
syngur mjúkrödduð lóa,  
og frá sporléttum spóa  
heyrst sprellfjörugt lag.

A-a-a  
Hollera sehia hollera sehú

Út um strendur og stalla  
hlakkar stór veiðibjalla.  
Heyrir ómana alla  
yfir flóa og fjörð.

Hérna er krían á kreiki  
þarna er krumminn á reiki.  
Börnin léttstíg í leiki  
fara líka í dag.

## Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,  
að kveða burt leiðindi það getur hún.  
Hún hefur sagt mér að senn komi  
spóinn,  
sólskin í dali og blómstur í tún.

Hún hefur sagt mér til syndanna  
minna,  
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.  
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna  
vonglaður taki nú sumrinu mót.

## Ef væri ég söngvari

Ef væri ég söngvari syngi ég ljóð  
:,:um sólina vorið og land mitt og  
þjóð:,:

En mömmu ég gæfi mín ljúfustu ljóð  
:,:hún leiðir mig verndar og er mér  
svo góð:,:

### **Upp á grænum**

Upp á grænum, grænum himinháum  
hól,  
sá ég hérahjónin ganga.  
Hann með trommu bomm, bomm...,  
hún með fiðlu sér við vanga.  
Þá læddist að þeim ljótur byssukarl  
og miðaði í hvelli,  
en hann hitti bara trommuna sem  
small,  
og þau hlupu og héldu velli.

### **Litla flugan**

Lækur tifar létt um máða steina  
lítill fjóla grær við skriðu fót.  
Bláskel lyggur brotin milli hleina  
í bænum hvílir ýturvaxin snót.

Ef ég væri orðin lítill fluga,  
ég inn um glugga þreytti flugið mitt,  
og þó ég ei til annars mætti duga,  
:,:ég eflaust gæti kitlað nefið þitt:,:

### **Vaki vogar**

Vaki, vaki, vaki, vaki  
vogar, grundir, dalir og fjöll.  
Söng þinn undirtaki  
ó, sumar, ha, ha, ha  
sumar börnin þín öll.

### **Sabokoaje**

Syngjum nú saman, syngjum nú öll  
Í Sabokoaje Kadokade.  
Ah ah Sabokoaje Kadokade

### **Hann Tumi fer á fætur**

Hann Tumi fer á fætur  
við fyrsta hanagal  
að sitja yfir ánum

lengst inni í Fagradal.

Hann lætur hugann líða  
svo langt um dali' og fjöll,  
því kóngur vill hann verða  
í voða stórrí höll.

Ög Snati hans er hirðfífl  
og hrútur ráðgjafinn,  
og smalahóll er höllin,  
en hvar er drottningin?

### **Bjarnastaðabeljurnar**

Bjarnastaðabeljurnar  
þær baula mikið núna,  
þær eru að verða vitlausar  
það vantar eina kúna.  
:,:Það gerir ekkert til:,:  
hún kemur um miðaftansbil.

### **Sól skín á mig**

Sólin er risin sumar í bænum  
sveitirnar klæðast nú feldinum  
grænum  
ómar allt lífið af ylríkum söng  
unaðsbjörtu dægrið löng

Sól, sól skín á mig  
Ský, ský burt með þig  
gott er í sólinni að gleðja sig  
sól, sól skín á mig.

### **Við göngum mót**

Við göngum mót hækkandi sól  
og sjáum hana þíða allt er kól  
:,:Svo vætlurnar streyma  
og vetrinum gleyma  
því vorið er komið með sól:,:

## **Signir sól**

Signir sól, sérhvern hól.  
Sveitin klæðist geislakjól.  
Blómin blíð, björt og fríð  
blika fjalls í hlíð.

Nú er fagurt flest í dag.  
Fuglar syngja gleðibrag.  
Sumarljóð, sæl og rjóð,  
syngja börnin góð.

## **Sólin skín og skellihlær**

Sólin skín og skellihlær  
við skulum syngja lag.  
Því vetur kaldur var í gær  
og vorið kom í dag.

Fallerý, fallera, fallerý, fallera  
ah, ah, ah, ah, ah, ah, ah, ah,  
fallerý, fallera  
og vorið kom í dag.

## **Með sól í hjarta**

Með sól í hjarta og söng á vörum  
við setjumst niður í grænni laut.  
Í lágu kjarri við kveikjum eldinn  
og kakó hitum og eldum graut.

## **Vikivaki**

Sunnan yfir sæinn breiða  
sumarylinn vindar leiða.  
Draumalandið himinheiða  
hlær - og opnar skautið sitt.  
Vorið kemur heimur hlýnar  
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,  
gáðu fram á bláu sundin.  
Mundu, að það er stutt hver stundin  
stopult jarðneskt yndið þitt.

Vorið kemur heimur hlýnar  
hjartað mitt!

Allt hitt liðna er ljúft að geyma,  
- láta sig í vöku dreyma.  
Sólskinsdögum síst má gleyma,  
- segðu engum manni hitt!  
Vorið kemur heimur hlýnar  
hjartað mitt!

## **Krakkar út kátir hoppa**

Krakkar út kátir hoppa úr koti og  
höll.  
léttfættu lömbin skoppa um laut og  
völl.  
Smalar í hlíðum húa sitt hvella lag.  
kveður í lofti lóa svo léttan brag.

## **Káti vegfarandinn**

Ég er hinn frjálsi förusveinn,  
á ferð með staf og mal.  
Minn boðskap fjallablærinn hreinn,  
skal bera niður' í dal.

Fallerí, fallera, fallerí  
fallerahahaha,  
fallerí, fallera, skal bera niður' í dal.

Um förusveinsins frjálssa veg  
og fjöllin mín ég syng.  
Er kvöldar glaður gisti ég  
á grænum mosabing.

Hér anga blóm, hér glóir grund,  
hér gleðst ég dægrið löng.  
Hér vil ég una alla stund  
við ilm og glaðan söng.

Nú held ég fram til heiða  
einn og hraða minni för,  
ég er hinn frjálsi förusveinn  
á ferð með söng á vör.

## **Lonniétturnar**

Ég lonniétturnar lét á nefið  
svo lesið gæti ég frá þér bréfið.  
Ég las það oft og mér leiddist aldrei  
og lifað gæti ég ei án þín.  
Tralalalalala ljúfa.

## **Krumminn í hlíðinni**

Krumminn í hlíðinni  
hann fór að slá,  
þá kom lóa lipurtá  
og fór að raka ljá.  
Hann gaf henni hnappa þrjá  
og bannaði henni ' að segja frá  
en hann spói spíssnefur  
hann sagði frá,  
prakkarinn sá.  
Þó var ljáin ekki nema  
hálf tannað puntstrá.

## **Sá ég spóa**

Sá ég spóa suður í flóa  
syngur lóa úti í móa:  
„Bí, bí, bí, bí“  
vorið er komið víst á ný.

## **Foli fótalipri**

∴, Foli, foli fótalipri,  
flýttu þér nú heim að bæ ∴,  
∴, Tra rí ralla la,  
flýttu þér nú heim að bæ ∴,

∴, Heima mun þín heyið bíða  
en hjá mömmu koss ég fæ ∴,  
∴, Tra rí ralla la,  
en hjá mömmu koss ég fæ ∴,

∴, Herðir hlaupin hlaupagarpur  
hreint ei telur sporin sín. ∴,  
∴, Tra rí ralla la,

hreint ei telur sporin sín.∴,

∴, Aldrei hef ég heldur, Jarpur  
hafastráin talið þín.∴,  
∴, Tra rí ralla la,  
hafastráin talið þín.∴,

## **Upp á fjall**

Upp, upp, upp á fjall,  
upp á fjallsins brún.  
Niður, niður, niður, niður,  
alveg niður á tún.

## **Ríðum heim til Hóla**

Ríðum heim til Hóla.  
Pabba kné er kláriinn minn,  
kistill mömmu fákur þinn.  
Ríðum heim til Hóla.

Ríðum út að Ási.  
Ef við höfum hraðann á,  
háttum þar við skulum ná.  
Ríðum út að Ási.

Ríðum heim að Hofi.  
Senn er himni sólin af,  
sigin ljós í vesturhaf.  
Ríðum heim að Hofi.

## **Öxar við ána**

Öxar við ána  
árdags í ljóma  
upp rísi þjóðlíf og skipist í sveit.  
Skjótum upp fána,  
skært lúðrar hljóma.  
Skundum á Þingvöll og treystum vor heit.  
Fram, fram, aldrei að víkja!  
Fram, fram bæði menn og fljóð!  
Tengjumst tryggðarböndum,  
tökum saman höndum,  
stríðum, vinnum vorri þjóð!

## **Í Hlíðarendakoti**

Fyrr var oft í koti kátt,  
krakkar léku saman,  
þar var löngum hlegið hátt,  
hent að mörgu gaman.  
Út um sléttar urðu þar  
einatt skrítnar sögur,  
þegar saman safnast var  
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá  
oft á milli bæja  
til að kankast eitthvað á  
eða til að hlæja.  
Margt eitt kvöld og margan dag  
máttum við í næði  
æfa saman eitthvert lag  
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá  
Hlíðar brekkum undir  
er svo margt að minnast á  
margar glaðar stundir.  
Því vill hvarfla hugurinn,  
heillavinir góðir,  
heim í gamla hópinn minn  
heim á fornar slóðir.

## **Hafið bláa hafið**

Hafið bláa, hafið, hugann dregur.  
Hvað er bak við ystu sjónarrönd?  
Þangað liggur beinn og breiður  
vegur.

Bíða mín þar æsku draumalönd.  
Beggja skauta byr  
bauðst mér aldrei fyrr  
Bruna þú nú, bátur minn.  
Svífðu seglum þöndum,  
svífðu burt frá ströndum.  
Fyrir stafni haf og himinninn.

## **Kátir voru karlar**

Kátir voru karlar  
á kúttar Haraldi,  
til fiskiveiða fóru  
frá Akranesi,  
og allir komu þeir aftur  
og enginn þeirra dó.  
Af ánægju út að eyrum  
hver einasta kerling hló.

## **Nú er sumar**

Nú er sumar,  
gleðjist gumar,  
gaman er í dag.  
Brosir veröld víða,  
veðurlagsins blíða  
eykur yndishag.

Látum spretta,  
spori létta  
spræka fáka nú.  
Eftir sitji engi,  
örvar víf og drengi  
sumarskemmtun sú.

Tíminn líður,  
tíminn býður  
sælan sólskinsdag.  
Yndi er úti á grundum,  
yndi, heim þá skundum  
seint um sólarlag.



# Hreyfilög

## Apalagið

Fimm litlir apar sátu upp í tré.  
Þeir voru að stríða krókódíl  
þú nærð ekki mér.  
Þé kom hann herra krókódíll  
hægt og rólega og ammm.

Fjórir litlir...  
Þrír litlir...  
Tveir litlir...  
Einn lítill...  
Enginn lítill...

## Við klöppum öll í einu

Við klöppum öll í einu  
það líkar okkur best.

- hlæjum
- grátum
- ruggum
- stöppum
- hvíslum

## Hreyfa – frjósa

Hreyfa litla fingur, hreyfa litla fingur,  
hreyfa litla fingur  
og frjósa eins og skot!  
(tær, tungur, nebba, augu, hendur,  
fætur o.s.frv.)

## Sláðu og sláðu

Sláðu og sláðu með einum hamri  
sláðu í allan dag.

- tveimur
- þremur
- fjórum
- fimm
- stórri sleggju

## Tombai

Tom bai, Tom bai, Tom bai, Tom bai,  
Tom bai, Tom bai, Tom bai.  
Don, don, don, Di ri don,  
Di ri di ri don  
Tra la la la la, tra la la la la  
Tra la la la la la - Hei!

## Baggalútur

Hvað kanntu að vinna  
baggalútur minn?  
Þráðakorn að spinna og elta lítið  
skinn.  
Kveikja ljós og sópa hús  
bera inn ask og fulla krús  
og fara fram í eldhús.

## Vinka með tánum

,: Vinka með tánum ,,:  
klappa með höndunum  
,: opna svo munninn ,,:  
loka svo augunum.  
,: Opna svo augun ,,:  
klappa með höndunum  
,: Vinka með tánum ,,:  
loka svo munninum.

## Ein stutt, ein löng

Ein stutt, ein löng, hringur á stöng  
og flokkur sem spilaði og söng.

Köttur og mús og sætt lítið hús,  
sætt lítið hús og köttur og mús.

Penni og gat og fata sem lak  
fata sem lak og penni og gat.

Lítill og mjór og feitur og stór,  
feitur og mjór og lítill og mjór.

### **Pú skalt klappa**

;,:Pú skalt klappa ef þú hefur létta lund;,:  
þú skalt klappa allan daginn svo það heyrir út um bæinn þú skalt klappa ef þú hefur létta lund.

### **Froskur, api og eðla**

Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag,  
ding, dong, sagði lítill grænn froskur. Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag,  
og svo líka ding, dong -  
spojojojong!  
(Blikka augunum til skiptis)

Mm, ðð, sagði lítill græn eðla einn dag,  
mm, ðð, sagði lítill græn eðla.  
Mm, ðð, sagði lítill græn eðla einn dag,  
og svo líka mm, ðð - blrrllrrllrr!  
(Reka út úr sér tunguna)

King, kong, sagði stór svartur api einn dag,  
king, kong, sagði stór svartur api.  
King, kong, sagði stór svartur api einn dag,  
og svo líka king, kong - gojjojjo!  
(Slá með hnefum í bringuna)

### **Baramsamsam**

;,:Baramsamsam, baramsamsam, gúlli-gúlli-gúlli-gúlli ramsamsam;,:  
;,:Hér er ég, hér er ég gúlli-gúlli-gúlli-gúlli ramsamsam;,:

### **Karl gekk út um morguntíma**

Karl gekk út um morguntíma og taldi alla sauði sína, einn og tveir og þrír og fjórir, allir voru þeir.  
Með höndunum gerum við klapp, klapp, klapp, með fótunum gerum við stapp, stapp, stapp!  
Einn tveir þrír, ofurlítið spor, einmitt á þennan hátt er leikur vor.

### **Óli í skógi**

Litli Óli í skógi milli trjánna hann reikar, en þá allt í einu sér hann alveg rosastóran skógarbjörn! (hundur, mjaltakú, sæt stelpa).

### **Druslan**

Við setjum svissinn á og við kúplum gírnum frá, það er startað og druslan fer í gang! Drun, drun!!  
Það er enginn vandi að aka bifreið, ef maður bara kemur henni í gang. Drun, drun!

### **Afmælisleikur**

Á einhver í janúar afmæli hér, kom inn, kom inn, kom inn. Af ánægju í hringnum hann/hún beygir sín hné mjög djúpt, mjög djúpt, mjög djúpt. ;,:Stelpa snú þér, strákur snú þér tra-la-la-la-la-;,:

### **Tvö skref til hægri**

Tvö skref til hægri og  
tvö skref til vinstri.  
Beygja arma, rétta arma,  
klappi, klappi, klapp!  
Hálfan hægri hring,  
hálfan vinstri hring,  
hné og magi, brjóst og enni,  
klappi, klappi, klapp!

### **Hóký-Póký**

Við setjum hægri höndina inn,  
við setjum hægri höndina út,  
inn, út, inn, út - og hristum hana til.  
Við gerum hóký-póký  
og snúum okkur í hring.  
Þetta er allt og sumt!

Oooó-Hóký-hóký-póký!  
Oooó-Hóký-hóký-póký!  
Oooó-Hóký-hóký-póký!  
Þetta er allt og sumt!

### **Allir hafa eitthvað til að ganga á**

∴:Allir hafa eitthvað til að ganga á.  
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá:

Fíllinn hefur feitar tær,  
ljónið hefur loppur tvær,  
músin hefur margar smáar  
en ormurinn hefur ansi fáar.

En allir hafa....

Fiskurinn hefur fína ugga,  
flóðhesturinn engan skugga,  
krókóðillinn kjaftinn ljóta,  
sá er klár að láta sig fljóta.

Og allir hafa....

Á vængjunum fljúga fuglarnir,

á fótunum ganga trúðarnir,  
á hnúunum hendast aparnir,  
á rassinum leppalúðarnir.

En allir hafa....

### **Reykurinn**

Við ýtum reyknum út  
og við togum reykinn inn  
og reykurinn fer upp um  
skorsteininn.  
Tra ra ra la la la la  
og reykurinn fer upp um skorsteininn

### **Líkaminn og fötin**

(Lag: A, b, c, d.)  
Ég á höfuð, háls og brjóst,  
andlit, hendur, augnaljós.  
Bak og magi eru hér,  
hjartað litla engin sér.  
Mitti og mjaðmir finna má,  
minn er rassinn aftan á.  
Læri, leggir, rist og il  
Líkamshluta þekkja vil.

Fötin klæða kroppinn minn,  
kuldinn má ei sleppa inn.  
Nærbuxur og bol úr ull,  
verðum ekki að kvefi full.  
Peysa, buxur, sokka og skó,  
húfutetu, hálsklút þó.  
Vettlingar og úlpan hlý,  
börnin öll sem orðin ný.

### **Faðir Abraham**

Faðir Abraham og hans synir  
og hans synir faðir Abraham.  
Og þeir átu kjöt  
og þeir drukku öl  
og þeir skemmtu sér mjög vel.  
-hægri hönd  
-vinstri hönd  
-hægri fótur  
-vinstri fótur  
-höfuðið með  
-búkurinn með

### **Í rigningu ég syng**

Í rigningu ég syng, í rigningu ég  
syng.  
Það er stórkostlegt veður mér líður  
svo vel  
- puttana upp  
- arma að  
- hakan fram  
- rassinn út  
- löppin upp  
- tungan með

### **Margt þarf að gera**

Margt þarf að gera á morgnana,  
;,:morgnana, morgnana.:,:  
Margt þarf að gera á morgnana  
og margt sem ekki má gleyma.

Þannig er best að þvo um hönd,  
;,:að þvo um hönd.:,:  
að þvo sér má enginn gleyma.

Þannig er best að þurrka hönd,  
;,:að þurrka hönd.:,:  
að þurrka má enginn gleyma.

Þannig er best að bursta tönn,  
;,:að bursta tönn.:,:

að bursta má enginn gleyma.

Þannig er gott að greiða hár,  
;,:að greiða hár.:,:  
að greiða má enginn gleyma.

Þannig er kátt að klapp' í takt,  
;,:að klapp' í takt.:,:  
að klappa má enginn gleyma.

Þannig er gott að ganga í röð,  
;,:að ganga í röð.:,:  
að ganga má enginn gleyma.

Þannig er létt að hopp' í hóp,  
;,:að hopp' í hóp.:,:  
að hoppa má enginn gleyma.

### **Bátasmiðurinn**

Ég negli og saga og smíða mér bát  
og síðan á sjóinn ég sigli með gát.  
Og báturinn vaggar og veltist um  
sæ,  
ég fjörugum fiskum með færinu næ.

Ég róla og tralla og teygji mig hátt  
svo tásurnar ná upp í heiðloftið blátt.  
og síðan á hlaupum í sandkassann  
fer  
þar svolitla konungshöll byggj ég  
mér.

### **Ég á gamla frænku**

Ég á gamla frænku sem heitir  
Ingiborg.  
Við eftir henni hermum  
er hún gengur niður á torg.  
;,:Og svo sveiflast fjöðrin  
og fjöðrin sveiflast svo:,:  
- hatturinn  
- sjalið  
- taskan  
- pilsíð, - frænkan

## **Fíllinn**

Ó tókstu eftir þar,  
*(hnippa í næsta mann)*  
hvað uppi á lofti var:  
*(benda upp í loftið)*  
Eitt ferlegt flykki sá,  
*(teikna hring upp í loftið með höndum)*  
er fór á hjóli hjá.  
*(hjóla með höndunum)*  
Ég sá þar stærðar fíl  
*(teikna fíl út í loftið með höndunum)*  
sem var í nýjum stíl;  
*(flétta saman fingur og teygja í átt að gólfi)*  
hékk sínum hala á,  
*(teikna með annari hendi hala að aftan)*  
hafði lengri framan á.  
*(teikna langan rana frá nefi)*

## **Vindum vefjum band**

Vindum, vindum vefjum band.  
Vefjum fallett húfuband.  
Fyrir Önnu höfuð hneigja,  
fyrir Önnu hné sín beygja,  
svo skal Anna snúa sér.

## **Einn sjómaður**

Einn sjómaður fór til Hong kong  
kong  
til að læra málið Hong kong kong  
og þegar hann kom frá Hong  
kong kong  
þá sagði hann bara Hong kong  
kong.

Einn sjómaður fór til dinga linga  
ling  
til að læra málið dinga linga ling  
og þegar hann kom frá dinga  
linga ling  
þá sagði hann bara dinga linga  
ling.

Einn sjómaður fór til Usa  
til að læra málið Usa  
og þegar hann kom frá Usa  
þá sagði hann bara Usa.

Einn sjómaður fór til Kanada  
til að læra málið Kanada  
og þegar hann kom frá Kanada  
þá sagði hann bara Kanada.

Einn sjómaður fór til Hong kong  
kong  
til að læra málið dinga linga ling  
og þegar hann kom frá Usa  
þá sagði hann bara Kanada

en mamma þeirra sagð: Vatnið er kalt!

### **Draugalagið**

Nú skulum við syngja um draugana  
tvo,  
sem æfi sína enduðu í myrkrinu  
svo.  
þeir svifu, þeir svifu, þeir svifu um  
allt,  
en mamma þeirra sagði: myrkrið er  
svart  
Baba, búbú, baba, bú! x3  
en mamma þeirra sagði:myrkrið er  
svart.

Einn hét Gunnar og hinn hét Geir.  
þeir voru draugalegir báðir tveir.  
þeir svifu, þeir svifu, þeir svifu um  
allt,  
en mamma þeirra sagði: Myrkrið er  
svart.  
Baba, búbú, baba, bú! x3  
en mamma þeirra sagði: Myrkrið er  
svart

### **Fiskalagið**

Nú skulum við syngja um fiskana  
tvo  
sem ævi sína enduðu í netinu svo.  
þeir syntu og syntu og syntu um allt  
en mamma þeirra sagð: Vatnið er  
kalt!  
:,:Baba, búbú, baba, bú!,:  
en mamma þeirra sagð: Vatnið er  
kalt!

Annar hét Gunnar og hinn hét Geir,  
þeir voru ofurlitlir báðir tveir.  
þeir syntu og syntu og syntu um allt  
en mamma þeirra sagði: Vatnið er  
kalt!  
Baba, búbú, baba, bú! 3x

# Yngstu börnin

## Hreyfa-frjósa söngurinn

Hreyfa litla fingur,  
hreyfa litla fingur,  
hreyfa litla fingur  
og frjósa eins og skot!  
(tær, tungur, nebba, augu, hendur,  
fætur o.s.frv.)

## Tú, tú...

Tú, tú segir bíllinn minn,  
ek ég inn í bílskúrinn,  
Fingri styð á flautuna  
og fætinum á bremsuna.

## Mýsnar dansa og hoppa

:Mýsnar dansa og hoppa hér:  
:þá kemur gamla kisa:  
:Fljót að fela þig litla mús:  
:þá fer hún gamla kisa:

## Bangsi lúrir

Bangsi lúrir, bangsi lúrir bæli sínu í.  
Hann er stundum stúrin,  
stirður eftir lúrin.  
Að hann sofi, að hann sofi  
enginn treystir því.

## Bíum, bíum bambaló

Bíum, bíum bambaló,  
bambaló og dillidillidó.  
Vini mínum vagga ég í ró,  
en úti bíður andlit á glugga.

Þegar fjöllin fimbulhá  
fylla brjóst mitt heitri þrá,  
leika skal ég langspil á;  
það mun þinn huga hugga.

## Hvar ert þú?

Þumalfingur, þumalfingur,  
hvar ert þú?  
Hér er ég, hér er ég!  
Góðan daginn, daginn, daginn!  
(vísifingur, langatöng,  
baugfingur, litli fingur)

## Sex litlar endur

Sex litlar endur þekki ég  
fimm eru mjóar og ein er sver.  
Ein þeirra vappar og sperrir stél  
fremst í flokki og segir kvakk,  
kvakk, kvakk,  
segir kvakk, kvakk, kvakk.

Niður að sjónum vilja þær  
vagga vibbe, vabbe, vibbe til og frá.  
Ein þeirra vappar og sperrir stél  
fremst í flokki og segir kvakk,  
kvakk, kvakk,  
segir kvakk, kvakk, kvakk.

## Dansi dúkkan mín

Dansi, dansi dúkkan mín.  
Dæmalaust er stúlkan fín  
Voða fallett hrokkið hár,  
Hettan rauð og kjóllinn blár.  
Svo er hún með silkiskó,  
sokka hvíta eins og snjó.  
Heldurðu ekki að hún sé fín?  
Dansi, dansi dúkkan mín.

## Allir krakkar

Allir krakkar, allir krakkar  
eru í skessuleik.  
Má ég ekki mamma,  
með í leikinn þamma.  
Mig langar svo, mig langar svo  
að lyfta mér á kreik.

### **Ég ætla að syngja**

Ég ætla að syngja  
ég ætla að syngja  
ég ætla að syngja lítið lag.  
Hérna eru augun,  
Hérna eru eyrun,  
Hérna er nebbinn minn  
Og munnurinn.

;,:Ég ætla að syngja:,  
ég ætla að syngja lítið lag.  
Hérna er bringan  
Hérna er naflinn  
Hérna er rassinn minn  
Og búkurinn

;,:Ég ætla að syngja:,  
ég ætla að syngja lítið lag.  
Hérna eru fingurnir  
Hérna er höndin  
Hérna er olnboginn  
Og handleggurinn

;,:Ég ætla að syngja:,  
ég ætla að syngja lítið lag.  
Hérna eru tærnar  
Hérna er hællinn  
Hérna er hnéð á mér  
Og fótleggurinn hér.

### **Stökur**

Afi minn og amma mín  
úti á Bakka búa.  
Þau eru bæði sæt og fín  
þangað vil ég fljúga.

Afi minn fór á honum Rauð  
eitthvað suður á bæi.  
Sækja bæði sykur og brauð  
sitt af hvoru lagi.

Fljúga hvítu fiðrildin  
fyrir utan glugga;  
þarna siglir einhver inn  
ofurlítill dugga.

Fuglinn segir bí bí bí  
bí bí segir Stína.  
Kveldúlfur er kominn í  
kerlinguna mína.

Sigga litla systir mín  
situr úti í götu.  
Er að mjólka ána sín  
í ofur litla fötu.

Klappa saman lófunum,  
reka féð úr móunum,  
vinna sér inn bita,  
láta ekki hann þabba vita.

Nú er úti veður vott  
verður allt að klessu.  
Ekki fær hann Grímur gott,  
að gifta sig í þessu.

Kristín litla komdu hér  
með kalda fingur þína.  
Ég skal bráðum bjóða þér  
báða lófa mína.

Buxur, vesti, brók og skó,  
bætta sokka, nýta.  
húfutetur, hálsklút þó,  
háleystana hvíta.

### **Hani, krummi...**

Hani, krummi, hundur, svín,  
hestur, mús, tilttingur,  
Galar, krunkar, geltir, hrín,  
hneggjar, tístir, syngur.



### **Doddi litli**

Doddi litli datt á pallinn,  
missti niður mjólkurdallinn.  
Æ, ó, æ, ó.

### **Gæsamamma**

Gæsamamma gekk af stað  
með gæsabörnin smáu.  
Niðr' á tún hún ætlaði  
að eta grösín lágu.  
Þá kom krummi "kra, kra, kra,,  
kolsvartur í framan.  
Hann eta vildi unga smá,  
ekki var það gaman.

Gæsin hvæsti: "Farðu frá,  
þú færð ei unga mína,,  
Og undir vængjum vafði smá  
veslingana sína.  
En krummi krunkar: "Kelli mín,  
ég kroppa þig í stélið  
og síðan bit ég börnin þín  
og brýt þau öll í mélið,,

### **Litlu andarungarnir**

Litlu andarungarnir  
:,:allir synda vel:,:  
Höfuð hneigja í djúpið  
:,:og hreyfa lítil stél.:,:

Liltu andarungarnir  
:,:ætla út á haf:,:  
Fyrst í fjarlægð skima  
og fara svo í kaf.

### **Keli káti karl**

Ég heiti Keli káti karl.  
Og kraftajötun er.  
Þegar ég fer út - ÚT!  
Hrökkv' allir í kút - KÚT!  
Ég heiti Keli káti karl,  
tra, la, la, la, la ,la ,la.

### **Tönnin mín**

(Lag: Signir sól)  
Tönnin mín, tönnin mín  
Burstuð hún alltaf er,  
bæði þar og hér.  
Borða góðan hollan mat,  
á tönnina ekki kemur gat.  
Tönnin mín, tönnin mín  
alltaf hvít og fin.

Tönnin er með gati hér,  
grátandi hún líka er.  
Burstuð hún ekki var,  
hvorki hér né þar.  
Kariús í henni sat  
og hjó í hana stærðar gat.  
Tönnin er með gati hér,  
grátandi hún er.

### **Sól úti, sól inni**

Sól úti, sól inni  
sól í hjarta, sól í sinni  
sól, bara sól

### **Litlir froskar**

Litla froska, litla froska  
er skemmtilegt að sjá.  
Engin eyru, engin eyru  
né hala hafa þeir.  
Ú-vagg, vagg, vagg.

### **Gamli Nói**

Gamli nói, Gamli Nói  
keyrir kassa bíl.  
Hann kann ekki að stýra  
brítur alla gíra.  
Gamli nói, Gamli Nói  
keyrir kassa bíl.

### **Hjólin á strætó**

Hjólin á strætó snúast hring, hring,  
hring,  
- út um allan bæinn!

Hurðin á strætó opnast út og inn,  
- út um allan bæinn!

Peningarnir í strætó segja kling,  
kling, kling,  
- út um allan bæinn!

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla,  
- út um allan bæinn!

Börnin í strætó segja hí, hí, hí,  
- út um allan bæinn!

Bílstjórinn í strætó segir suss, suss,  
suss,  
- út um allan bæinn!

Flautan í strætó segir bíb, bíb, bíb,  
- út um allan bæinn!

### **Kubbahús**

Kubbahús við byggjum brátt.  
Báðum lófum smellum hátt.  
Kubbum röðum sitt á hvað  
hver vill skemma það?- Pomm.

### **Ærin segir me me**

(Lag: Stóð ég út í tungsljósi)  
Ærin segir me me  
og krumminn segir krá.  
Kýrin segir mu mu  
og litla kisan mjá.  
Hestur segir hrumm hrumm  
og hundur segir vó.  
:,:Syngur lóan bí bí  
og haninn gagg gaggó,::

### **Tilfinningablús**

Ég finn það ofan í maga - ooohó!  
Ég finn það niður í fætur - ooohó!  
Ég finn það fram í hendur - ooohó!  
Ég finn það upp í höfuð - ooohó!

,:Ég finn það hér og hér og hér og  
hér  
og hér og hér og hér hvað ég er  
glöð!  
Hér inni í mér!,:  
(reið, leið, svöng, þreytt, hress  
o.s.frv.)

### **Bjöllukýrin**

Týnd er nú mín besta bjöllukýr,  
ber nafnið Rauða Gullstjarna.  
Pabbi lét mig leita, líðst mér engin  
þreyta.  
Amma út mig sendi, otaði að mér  
vendi.  
Komdu nú kusa mín, komdu,  
komdu.

### **Hér búálfur**

Hér búálfur á bænum er  
á bjálkalofti í dimmuni,  
hér búálfur á bænum er  
á bjálkaloftinu.

Hann stappar fótum hoppar hátt,  
og haframjölið étur hrátt.  
hér búálfur á bænum er  
á bjálkaloftinu.

### **Brunabíll, köttur, skógarpröstur**

Ba, bú, ba, bú, brunabíllinn flautar.  
Hvert er hann að fara?  
Vatn á eld að sprauta -  
tss, tss, tss, tss!  
Gerir alla blauta.

Mjá, mjá, mjá, mjá, mjálmar gráa kisa.  
Hvert er hún að fara?  
Út í skóg að ganga -  
uss, uss, uss, uss!  
Skógarpröst að fanga.

Bí, bí, bí, bí, skógarpröstur syngur.  
Hvert er hann að fara?  
Burt frá kisu flýgur -  
víí, víí, víí, víí!  
Loftin blá hann smýgur.

### **Um gluggann flýgur**

Um gluggann flýgur fuglinn inn,  
dú-dí, dú-dí  
og byrjar fagra sönginn sinn,  
dú-dí, dú-dí, dú-dí.

Þá kemur reyndar kötturinn,  
mjá-mjá, mjá-mjá  
og fælir burtu fuglinn minn,  
mjá-mjá, mjá-mjá, mjá-mjá.

### **Droparnir**

,: "Smell-smell" - "smell-smell"  
-segja droparnir við pollinn;,:  
Og þeir stinga sér á kaf  
og breyta pollinum í haf.  
(skella í góminn á "smellinu"!)

### **Allur matur**

Allur matur á að fara  
upp í munn og ofan í maga.  
,: Heyrið það!,:  
Svo ekki gauli garnirnar.

# Ýmislegt

## Draumahöllin

Dvel ég í draumahöll  
og dagana lofa.  
Litlar mýs um löndin öll  
liggja nú og sofa.  
Sígur ró á djúp og dal,  
dýr til hvílu ganga.  
Einnig sofna skolli skal  
með skottið undir vanga.

## Á Sprengisandi

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,  
rennur sól á bak við Arnarfell.  
Hér á reki er margur óhrein andinn,  
úr því fer að skyggja á jökulsvell.  
Drottinn leiði drösulinn minn,  
drjúgur verður síðasti áfanginn.

Þei, þei, þei, þei. Þaut í holti tófa,  
þurran vill hún blóði væta góm,  
eða líka einhver var að húa  
undarlega digrum karlaróm.  
Útilegumenni í Ódáðahraun  
eru kannski að smala fé á laun.

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,  
rökkrið er að síga á Herðubreið.  
Álfadrottning er að beisla gandinn,  
ekki er gott að verða á hennar leið.  
Vænsta klárinn vildi ég gefa til  
að vera komin ofan í Kiðagil.

## Mér finnst best að borða

Mér finnst best að borða borða  
blómkálssúpu og brauð  
hamborgara kjúklinga og súkkulaðifrauð  
fisk og gos og franskar  
finnst mér gott að fá  
og flatkökur með miklu smjöri  
og hangikjöti á

## En hvað það var skrítið

Ein stór og digur kerling  
í stígvéli bjó.  
Svo marga átti hún krakka,  
að meira var en nóg.  
Ef þeir vildu ekki hlýða,  
hún tók þeim ærlegt tak.  
Hún sló þau beint á bossann  
og í bæli sín þau rak.

Einn skakkur og skríttinn maður  
gekk skakka og skældu braut,  
fann skakka og skældu krónu  
í skakkri og skældri laut  
og skakka og skældu kisu  
með skakka og skældu mús.  
Svo fór hann heim með fund sinn  
í skælt og skrítið hús.

Ég mætti gömlum manni  
í morgun í skúraveðri,  
karlinn hann var klæddur  
í kápu úr brúnu leðri.  
Ég sá hann vildi ´ eitthvað segja,  
svo ég aðeins beið.  
- já, einmitt sagð ´ann, já einmitt,  
já, einmitt! og fór sína leið.

## Ljúfir fagnaðarfundir

Ljúfir fagnaðarfundir,  
góðan dag og góðar stundir.  
Hérna syngjum allir saman,  
það er gleði og gaman.

## Afmælissöngurinn

.,:Hann/hún á afmæli í dag.,:  
Hann/hún á afmæli hann/hún \_\_\_\_.  
Hann/hún á afmæli í dag.

## Við erum vinir

.,:Við erum vinir.,:  
.,:ég og þú.,:  
leikum okkur saman  
bimm, bamm, búmm

## **Ég heiti Lína langsokkur**

Ég heiti Lína langsokkur er ljúfur krakki og fallegur negrakóngur er pabbi minn en mamma fór í himininn.

## **Lína langsokkur**

Hér skal nú glens og gaman við getum spjallað saman. Gáðu hvað þú getur vinur gettu hver ég er.

Verðlaun þér ég veiti ef að veistu hvað ég heiti. Vaðir þú í villu þetta vil ég segja þér.

Hér sérðu Línu langsokk...

Svo þú sérð minn apa minn sæta fína litla apa. Herra Níels heitir já, hann heitir reyndar það.

Hérna höll mín gnæfir mín himin töfraborg mín gnæfir. Fannstu annan fegri eða frægðarmeiri stað.

Hér sérðu Línu langsokk...

Þú höll ei hefur slíka ég á hest og rottu líka. Kúfullan af krónum einnig kistil á ég mér.

Veri allir vinir velkomnir einnig hinir nú lifað skal og leikið þá skal líf í tuskum hér.

## **Brákarborg**

Hér á Brákarborg eru allir félagar og okkur þykir gaman að vera alltaf saman. Í leiktíma við erum stundum óheppin þegar svæðin eru upptekin. :,:Ekki fýlu bara hress, bara hress og við veljum okkur bara eitthvað annað heldur en fýlu,::

## **Velkomnir krakkar**

Velkomnir krakkar í veröldina okkar, við skulum leika okkur við skulum: Öpunum klappa og klippa í pappa, klifra í köðlum og klukka.

Bíbb segir bílalestin blásandi fílaalestin, lekikbrúður hjón og lyftingarmenn. Létt skoppa lömbin smáu, langt upp í turni háum gíraffar gægjast inn um gluggana enn.

## **Allir þurfa að eiga vin**

,::Allir þurfa að eiga vin,:: Leggjum núna hönd í hönd og hnýtum okkar vinabönd.

Þegar bjátar eitthvað á allt það segja vini má. Ýta sorgum öllum frá og aftur gleði sinni ná.

Vináttan hún færir frið. Friður bætir mannkynið. Öðrum sýnum ást og trú og eflum vináttuna nú.

### **Lítill heimur**

Þar er gott að vera sem gleðin býr,  
þar sem gerast sögur og ævintýr  
svona er veröldin okkar,  
sem laðar og lokkar  
svo ljúf og hýr.  
Lítill heimur, ljúfur, hýr,  
-eins og ævintýr.

### **Í samverustund**

(Lag: Allir krakkar)  
Halló krakkar, halló krakkar,  
velkomin í dag!  
Gaman er að sjá ykkur og  
gaman er að fá ykkur,  
halló krakkar, halló krakkar,  
velkomin í dag!

Jæja krakkar, jæja krakkar,  
takk fyrir í dag!  
Gaman var að sjá ykkur og  
gaman var að fá ykkur,  
jæja krakkar, jæja krakkar,  
takk fyrir í dag!

### **Api í góðu skapi**

Það var einu sinni api  
í ofsa góðu skapi.  
Hann vildi ekki grautinn,  
en fékk sér banana.

Í Örkinni hans Nóa  
öll dýrin fóru að róa.  
Hestur, hundur, hæna  
og líka krókókódill.

### **Litli fugl**

Litli fugl í búri,  
hver leysir þig?  
Litli fugl í búri,  
þekkir þú mig?

### **Dýravísur**

Nú skal syngja um kýrnar  
sem baula hátt í kór.  
Þær gefa okkur mjólkina  
svo öll við verðum stór.  
mjólk,mjólk,mjólk...  
mu,mu,mu...

Nú skal syngja um lömbin  
sem jarma sætt og blítt.  
Þau gefa okkur ullina  
svo okkur verði hlýtt.  
Ull,ull,ull,ull,ull.  
me,me,me...

Nú skal syngja um hænsnin  
sem gagga endalaust.  
Þau gefa okkur eggin  
svo öll við verðum hraust.  
egg,egg,egg,egg,egg.  
ga, ga, gó...

### **Hver var að hlæja?**

Hver var að hlæja þegar ég kom inn  
kannski það hafi verið kötturinn.  
Jæja, nú jæja, látum hann hlæja,  
kannski hann hlæji ekki í annað sinn.

### **Kisa mín**

Kisa mín, kisa mín,  
hvaðan ber þig að?  
Og ég kem nú frá London,  
þeim mikla' og fræga stað.

Kisa mín, kisa mín,  
hvað gerðirðu þar?  
Og ég var að veiða mýsnar  
í höllu drottningar.

### **Hanarnir tveir**

.,:Heyrist gal hanans svarta  
verður dimmt og deginum lýkur.:,:  
.,:En er rauða hanans glymur gal  
þá glaðnar og nóttin vikur.:,:

### **Syngjandi geng ég allsstaðar**

Syngjandi hér, syngjandi þar,  
syngjandi geng ég allsstaðar  
sí og æ, æ og sí,  
aldrei fæ ég nóg af því.

.,: Einu sinni átti ég kú. .,:  
Hún sagði ekki mö, heldur ba, ba, bú.  
Já, býsna skríttin var kýrin sú.

.,: Einu sinni átti ég geit. .,:  
Hún fékkst ekki til að fara á beit,  
því feimin hún var og undirleit.

.,: Ég átti hrút, og hann var grár. .,:  
Svo skipti' hann um lit, og eftir ár  
hann orðinn var næstum því fjólublár.

.,:Ég átti líka hund sem oft svaf fast. .,:  
Og þegar rigndi og það var hvasst,  
þá fékk hann alltaf gigtarkast.

.,: Ég átti klár sem Kappi hét. .,:  
Og ef ég hnakk minn á hann lét,  
hann útaf lagðist og stundi og grét.

.,: Ég átti fugl sem í búri bjó. .,:  
Hann aldrei söng, jafnvel ekki þó  
að undir væri leikið á píanó.

.,:Ég átti kött sem var klókur og vís. .,:  
Hann aldrei nennti að eltast við mýs,  
en át bara kökur og rjómaís.

.

### **Myndin hennar Lísu**

Gult er fyrir sól, grænt er fyrir líf,  
grátt er fyrir þá sem reka menn út í  
stríð.  
Hvítt er fyrir börn, sem biðja um frið,  
biðja þess eins að mega lifa eins og við.  
Er ekki jörðin fyrir alla.

Taktu þér blað, málaðu á það  
mynd þar sem allir eiga öruggan stað.

Augun svo blá, hjöрту sem slá,  
hendur sem fegnar halda frelsinu á.  
Þá verður jörðin fyrir alla.

### **Amma og draugarnir**

Hún amma mín gamla  
lá út í gljúfri.  
Dimmt var það gljúfur  
og draugalegt mjög

En amma mín mælti,  
og útaf hún hallaði sér:  
„Ég læt engan svipta mig svefni í nótt;  
sama hver draugurinn er.“

Kom þar hún Skotta  
með skotthúfu ljóta.  
Tönnum hún gnísti,  
glotti og hló.

Kom þar hann Móri  
á mórauðri treyju,  
ofan sitt höfuð  
af hálsinum tók.

Kom þar hann Glámur  
með glyrnurnar rauðar.  
Kurteislegt ekki  
var augnaráð hans.

Kom þar einn boli,  
kenndur við borgeir,  
æstur í skapi  
og öskraði hátt.

Loks kom hann afi  
að leita að ömmu.  
"Æ, ertu hér,, Sagði ' hann,  
"elskan mín góð,,

### **Sönqurinn hennar Sigga**

Ég hitti litla dömu,  
í París var að hoppa,  
sippað getur líka,  
fer heim með rifna sokka.

Teiknar fínar myndir,  
býður mér að þiggja  
eina af sér og eina af mömmu,  
skrifar undir Sigga.

Samt heilla hana finir kjólar,  
þegar augun í þá rekur  
með maskalit og púðri  
andlit sitt hún þekur.

Dansað getur líka  
tja, tja, tja og tangó.  
Liðug eins og ormur,  
vinnur mig í limbó.

Hún á það til að hlæja,  
getur líka grátið.  
En oftast brýst í gegnum tárin,  
sæta litla brosið.

Teiknar fínar myndir,  
býður mér að þiggja  
eina af sér og eina af mömmu,  
skrifar undir Sigga.

### **Einn Hljómlistamaður**

Einn hljómlistarmaður  
frá Reykjavík er hér.  
Hann leikur á trommu  
sem af öðrum ber.  
Tromm-tromm-tromm...  
Sprangar um heiminn.  
Spilar hvergi feiminn.

### **Lobbukvæði**

Heyrðu Lobba viltu ljá mér litla hvolpinn  
þinn?



Heldurðu að ég meiði nokkuð þetta litla skinn?

Ég skal fara varlega og hafa gát á því, að hann detti ekki í gólfið og reki nefið í.

Mig langar svo að skoða skæru augun blá og litlu skrýtnu rófunu sem er aftan á. Og láta hann svo hlaupa á litlu fótunum. Og leika mér svo dálítið við hann og klappa honum.

Ætlaðu ekki Lobba mín að lána mér hann?

Ég læt þig hafa í staðinn beinið sem ég fann.

Það er sjáðu utan á því ofurlítið ket seinna skal ég gefa þér meira ef ég get.

Ég verð nú ekki lengi að naga beinið þitt.

En náttúrulega máttu skoða litla skinnið mitt.

En ef hann fer að gráta og ef það koma tár,

þá ættir þú að vara þig, því ég get orðið sár.

### **Ég langömmu á**

Ég langömmu á sem að létt er í lund, hún leikur á gítar hverja einustu stund, í sorg og í gleði hún leikur sitt lag, jafnt sumar sem vetur, jafnt nótt sem dag.

Dag einn er kviknað í húsinu var, og brunaliðsbíllinn kom æðandi að, og eldurinn logaði um glugga og göng, sat sú gamla uppi á þaki og spilaði og söng.

### **Palli einn í heiminum**

Ég þekki lítinn labbakút, sem langaði til að stelast út. Á litlu tánnum læddist einn, en langaði ekki að vekja neinn. :.: Ha, ha, ha, trúðu mér, Palli var einn í heimi hér.::

Út á götu æddi hann, og ekki nokkurn þar hann fann. Suður í búð hann síðan gekk og súkkulaðimola fékk. :.: Ha, ha, ha, trúðu mér, Palli var einn í heimi hér.::

### **Löggukall**

Eitt sinn lítill löggukall, tíri-líri-líri  
Eitt sinn lítill löggukall labbaði út í  
skóginn.

Húfuna í hendi bar- tíri-líri-líri  
húfuna í hendi bar -tíri-líri-líri  
Fótinn rak í stóran stein- tíri-líri-líri  
fótinn rak í stóran stein og stóru tána  
braut hann.

En löggukalli batnar brátt- tíri-líri-líri  
en löggukalli batnar brátt- tíri-líri-líri.

### **Ryksugulagið**

Ryksugan á fullu,  
étur alla drullu,  
tra-la-la-la...  
Sópa burtu ryki  
með kúst´ og gömlu priki.  
Tra-la-la-la...

Ef þú getur ekki sungið,  
reyndu þá að klappa,  
og ef þú getur ekki klappað,  
reyndu þá að stappa,  
svo söngflokkurinn haldi sínu lagi  
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Út með allan skítinn,  
svo einhver vilji líta´inn  
tra-la-la-la...  
Skúra, skrúbb´ og bóna,  
ríf´ af öllum skóna,  
tra-la-la-la...

### **Litla músin**

Litla, litla músin  
labbar af stað  
í loðnum feldi í skólann  
já, bara veistu hvað?  
Mamma hennar sagði:  
"mundu að vera góð  
og músasiði alla  
læra stillt og hljóð".

Léttfætt sú litla  
labbar af stað  
en stóra músin góða  
vefur inn í blað,  
voða gott nesti,  
vænan mjólkurost.  
Það veitir ekki af,  
því bráðum kemur frost.

### **Pálína með prikið**

Pálína með prikið  
potar sér gegnum rykið  
rogast hún með rjóma rembist hún með  
smjör  
þetta verður veisla vítamín og fjör  
.: Pálína með prikið. :.  
Pálína með pakkann  
þjakkar heim allan bakkann.  
Vertu ekki reið þó vísan sé um þig,  
Pálína með pakkann passar fyrir mig.  
.: Pálína með pakkann. :.

### **Veistu að ég á lítinn dreng**

Veistu að ég á lítinn dreng sem labbar langt í burtu og rekur margar kýr.  
Hann er alveg eins og pabbi forðum elskar land og sjó og menn og dýr.

### **Indíánalagið**

Það voru einn og tveir og þrír indíánar fjórir og fimm og sex indíánar sjö og átta og níu indjíanar tíu indíánar í skóginum.

Allir voru með byssur og boga allir voru með byssur og boga.  
Allir voru svo kátir og glaðir, þeir ætluðu að veiða björninn.

Uss! Þarna heyrðu þeir eitthvað braka.  
Uss! Þarna heyrðu þeir fugla kvaka.  
Fram kom stóri og sterki björninn þá hlupu þeir allir heim til sín.

Þá hlupu einn og tveir og þrír indíánar fjórir og fimm og sex indíánar sjö og átta og níu indíánar en einn indíáninn varð eftir.

Hann var ekki hræddur við stóra björninn.  
Hann kom og skaut og hitti björninn.  
Svo tók hann með sér allan haminn og hélt heim til hinna níu.

Þá komu einn og tveir og þrír indíánar fjórir og fimm og sex indíánar sjö og átta og níu indíánar. Níu indíánar að sjá hann.

### **Gleraugun hans afa**

(Lag: Hin gömlu kynni gleymast ei)  
Til himins upp hann afi fór,  
en ekki neitt hann sér;  
því gleraugunum gleymdi hann í glugganum hjá mér.

Hann sér ei neitt á bréf né bók né blöðin sem hann fær;  
hann fer í öflug fötin sín,  
svo fólkið uppi hlær.

Og reistu stóra stigann upp og styð við himininn,  
svo geng ég upp með gleraugun, sem gleymd 'hann afi minn.

### **Einn var að smíða**

Einn var að smíða ausutetur annar hjá honum sat.  
Þriðji kom og bætti 'um betur hann boraði á hana gat.  
Hann boraði á hana eitt, hann boraði á hana tvö, hann boraði á hana þrjú og fjögur, fimm og sex og sjö.

## **Meistari Jakob**

### *Íslenska*

;;Meistari Jakob; ;  
;;sefur þú?; ;  
;;Hvað slær klukkan?; ;  
;;Hún slær þrjú! ; ;

### *Færeyska*

;;Sov ei longur! ; ;  
;;Bróðir Jón! ; ;  
;;Morgunklokkur ringja; ;  
;;Ding, ding, dong! ; ;

### *Danska*

;;Mester Jacob; ;  
;;sover du? ; ;  
;;Hører du ei klokken? ; ;  
;;Bim, bam, bum! ; ;

### *Sænska*

;;Broder Jakob; ;  
;;sover du? ; ;  
;;Ring till ottesangen; ;  
;;bing, bang, bang! ; ;

### *Enska*

;;Are you sleeping; ;  
;;Brother John; ;  
;;Morning bells are ringing; ;  
;;ding, dang, dong! ; ;

### *Finnska*

;;Jaakko kulta; ;  
;;heraa jo! ; ;  
;;Kellojasi soita; ;  
;;pim, pam, pom! ; ;

### *Þýska*

Meister Jakob; ;  
;;schlafst du noch? ; ;  
;;Hörst du nicht die Glocken? ; ;  
;;Ding, ding, dong! ; ;

### *Franska*

;;Fréré Jacques; ;  
;;dormez-vous? ; ;  
;;Sonnez les matines; ;  
;;din, din, don! ; ;

### *Indíánamál*

;;Fosin Jako; ;  
;;nisbetja! ; ;  
;;Timbatire linso; ;  
;;Tom peng pung; ;

## **Hæ, góðan dag.**

Hæ, góðan dag, hello, guten tag  
;;Welcome, welcome; ;  
buenos dias, buenos dias.

## **Halli**

Haldið ekki að hann Halli komi á grúfunni,  
á heljarstökki fram af einni þúfunni.  
hann fór það bara fínt,  
en hélt hann hefði týnt  
gleraugunum, höfðinu og húfunni.

### **Kanntu brauð að baka?**

Kanntu brauð að baka  
já það kann ég.  
Svo úr því verði kaka,  
já það kann ég.  
Ertu nú alveg viss um  
Já það er ég  
Eða ertu ef til vill að gabba mig.

Kanntu mat að sjóða  
og gestum heim að bjóða.

Kanntu ber að tína  
og stoppa í sokka mína.

Kanntu að sjóða fiskinn  
og færa hann upp á diskinn.

Kanntu að vagga barni  
og þrjóna sokka úr garni.

### **Snati og Óli**

Heyrðu snöggvast Snati minn,  
snjalli vinur kæri,  
heldurðu' ekki að hringinn þinn  
ég hermannlega bæri.

Lof mér nú að leika að  
látúnshálgjörð þinni.  
Ég skal seinna jafna það  
með jólaköku minni.

Jæja þá í þetta sinn  
þér er heimil ólin.  
En hvenær koma, kæri minn,  
kakan þín og jólin.

### **Komdu niður**

Þegar ég var lítill, var ég voða feimin oft  
og væri einhver ókunnugur skaust ég upp á  
loft.  
En ef að ég var úti, þegar gest að garði bar  
ég geystist upp á hlöðuburst og settist niður  
þar.

Komdu niður, kvað hún amma.  
Komdu niður, sögðu pabbi og mamma.  
Komdu niður, komdu niður,  
komdu niður, sungu öll í kór.

Svo stækkaði ég meira og þá varð ég voða  
kát,  
og veslings pabba og mömmu oft ég setti  
hreint í mát.  
Ég klifraði og hentist yfir hvað sem fyrir var,  
ég hoppaði upp á skólapak og settist niður  
þar.

### **Maístiarnan**

Ó hve létt er þitt skóhljóð,  
ó hve lengi ég beið þín,  
það er vorhret á glugga,  
napur vindur sem hvín.  
En ég veit eina stjörnu,  
eina stjörnu sem skín  
og nú loks ertu komin,  
þú ert komin til mín.

## Guttavísur

Sögu vil ég segja stutta,  
sem að ég hef nýskeð frétt,  
reyndar þekkið þið hann Gutta  
það er alveg rétt.

Óþekkur er ætíð anginn sá  
út um bæinn stekkur hann  
og hoppar til og frá.

Mömmu sinni unir aldrei hjá  
eða gegnir þabba sínum,  
nei, nei það er frá.

Allan daginn út um bæinn  
einatt heyrast köll í þeim:  
"Gutti, Gutti, Gutti, Gutti,  
Gutti komdu heim."

Andltið er á þeim stutta  
oft sem rennblautt moldarflag,  
mædd er orðin mamma hans Gutta,  
mælir oft á dag:  
"Hvað varst þú að gera Gutti minn?  
Geturðu ekki skammast þín að koma svona  
inn?"

Réttast væri að flengja ræfilinn.  
Reifstu svona buxurnar og nýja jakkann  
þinn?  
Þú skalt ekki þræta Gutti,  
það er ekki nokkur vörn.  
Almáttugur en sú mæða  
að eiga svona börn.

Gutti aldrei gegnir þessu  
grettir sig og bara hlær.  
Orðinn nærri að einni klessu  
undir bíl í gær.  
on'af háum vegg í dag hann datt  
drottinn minn og stutta nefið  
það varð alveg flatt  
eins og pönnukaka, er það satt?  
Ojá því er ver og miður þetta var svo bratt.  
Nú er Gutta nefið snúið  
nú má hafa það á tröll.  
Nú er kvæðið næstum búið,  
nú er sagan öll.

## Óskasteinar

Fann ég á fjalli fallega steina,  
faldi þá alla, vildi þeim leyna.  
Huldi þar í hellisskúta heillasteina  
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina  
lengur ei man ég óskina neina  
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga  
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur  
geti þær fundið telpa eða drengur.  
Silfurskæra kristalla með grænu og gráu  
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

## Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína, himinborna dís,  
svo hlusti englar guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjararstúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,  
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.

### **Stína litla**

Á kaupmanninn rétt við búðarborðið svo brosfögur horfði Stína.

“ég ætlaði bara að kaupa klæði í kjól á brúðuna mína:”

“Og hvaða lit viltu ljúfan sagði” hann á litlu brúðuna þína”

“Já, auðvitað rauðan, ósköp rauðan” með ákafa svaraði Stína.

Hann brosandí fór og klippti klæðið, “Hvað kostar það?” spurði Stína.

“Einn koss” hann svaraði “kostar klæðið í kjól á brúðuna þína.

Í búðinni glumdi við gleðihlátur er glaðlega svaraði Stína:

“Hún mamma kemur í bæinn bráðum og borgar skuldina mína.

### **Tveir kettir**

Tveir kettir sátu uppi á skáp, kritte... og eftir mikið gón og gláp þá sagði annar: kæri minn við skulum skoða gólfúkinn.

Og litlu síðar sagði hinn: komdu aftur upp á ísskápinn en í því glas eitt valt um koll og gerði á gólfið mjólkurpoll.

Þá sagði fyrri kötturinn: Æ heyrðu, kæri vinur minn Við skulum hoppa niður á gólf Og leþja mjólk til klukkan tólf.

### **Systa mín**

Hún systa mín litla á ljósgullið hár, sem liðast svo mjúkt eins og ull. Hún hefur nú lifað í hálf þriðja ár og hún á mörg nýstárleg gull.

Hún á brúðu í kjól og brúðan á stól. Hún á bangsa og fallega gæs. Og systa á bók, en þó systa sé klók er hún samt ekki enn orðin læs.

### **Kardimommubæringin**

Við læðumst hægt um laut og gil og leyndar þræðum götur, á hærusekki heldur einn, en hinir bera fötur.

Að ræna er best um blakka nótt, í bænum sofa allir rótt.

Þó tökum við aldregi of eða van, hvorki Kasper né Jesper né Jónatan.

Í bakaríið brjótumst inn, en bara lítið tökum, Tólf dvergsmábrauð, sex dropaglós og dálítið af kökum.

Svo étur kannski Jónatan af jólaköku bláendann.

Þó tökum við aldregi of eða van, hvorki Kasper né Jesper né Jónatan.

Hjá slátraranum finnst það flest, sem freistar svangra gesta, við þurfum líka ljónamat og lifur er það besta.

Af rifjasteik við tökum toll, þrjár tungur og svo bringukoll. Þó tökum við aldregi of eða van, hvorki Kasper né Jesper né Jónatan.

### **Lagið um það sem er bannað**

Það má ekki pissa bak við hurð og ekki henda grjóti oní skurð. Ekki fara í bæinn og kaupa popp og tyggjó, og ekki nota skrufjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða út í sjó og ekki fylla húfuna af snjó. ekki týna blómin sem eru úti í beði, og ekki segja ráddi, heldur réði.

Þetta fullorðna fólk er svo skrítið, það er alltaf að skamma mann þó maður geri ekki neitt það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall og ekki gefa ketti drullumall. Ekki skjóta pabba með byssunni frá ömmu og ekki týna orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla inn í búð og ekki gefa litla bróðir snúð. Ekki fara að hlæja þó einhver sé að detta. Ekki gera hitt og ekki þetta.

### **Óli fór til Bertu**

Óli fór til Bertu bakarístertu og bað hana að kyssa sig. Þá sagði Berta bakarísterta: "Bara ef þú elskar mig!"

Þá sagði Óli sem alltaf er á hjóli: "Berta ég elska þig.!" Þá sagði Berta Bakarísterta: "Nú máttu kyssa mig!"

### **Dansar á pallinum**

*Helga* dansar á pallinum og *Birna* skellihlær. *Heiða* er á sokkunum og *Bjarney* datt í gær. *Inga* keyrir bíl með *Hildi* í og *Svanhildur* kastar bolta til *Önnu*

### **Rjóminn**

Mér þykir góður rjómi, það besta sem ég fæ. Þá kemur reyktur, steiktur lundi, svo kemur loðið skott af hundi, síðan vakna ég af værum blundi -buxnalaus!!

### **Fimmeyringurinn**

Ef að nú hjá pabba einn fimmeyring ég fengi fjarskalega hrifin og glöð ég yrði þá. Ég klappa skyldi pabba og kyssa vel og lengi og kaupa síðan allt sem mig langar til að fá.

Fyrst kaupi ég mér brúðu sem leggur aftur augun, og armbandsúrið fína af fallegustu gerð. Og af því hvað hún mamma er orðin þreytt á taugum, þá ætla ég að kaupa bíl í hverja sendiferð.

Hjólhest og járnbraut ég ætla að gefa Geira, gríðarstóra flugvél ég kaupi fyrir Finn. Svo kaupi ég mér döðlur og súkkulaði og fleira og síðan skal ég gefa pabba allan afganginn.

### **Hvar er húfan mín?**

Hvar er húfan mín? Hvar er hempan mín?



hvar er falska gamla fjögra gata flautan mín?  
Hvar er úrið mitt? Hvar er þetta og hitt?  
Hvar er bláa skyrtan trefillinn og beltið mitt?  
Ég er viss um að það var hér allt í gær.  
Sérðu þvottaskál? Sérðu þráð og nál?  
Sérðu hnífinn, sérðu diskinn og mitt drykkjarmál?

Sérðu pottana og seglgarnsspottana?  
Sérðu heftið sem ég las um hottintottana?  
Ég er viss um að það var hér allt í gær.  
Sérðu töskuna? Sérðu flöskuna?  
Sérðu eldinn, sérðu reykin, sérðu öskuna?  
Hvar er peysan blá? Hvar er pyngjan smá?  
Hvar er flísinn sem ég stakk í mína stóru ták?  
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Hvar er hárgreiðan? Hvar er eldspítan?  
Hvar er Kasper, hvar er Jesper, hvar er Jónatan?  
þetta er ljótt að sjá, alltaf leita má.  
Hvar er kertið sem við erfðum henni ömmu frá?  
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

### **Litirnir**

Grænt, grænt, grænt  
er grasið úti í haga.  
Grænt, grænt, grænt  
er gamla pilsíð mitt.  
Allt sem er grænt, grænt  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla Jón á Grund.

Gul, gul, gul  
er góða appelsínan.  
Gul, gul, gul  
er gamla húfan mín.

Allt sem er gult, gult  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla Kínverjann.

Rauð, rauð, rauð  
er rósin hennar mömmu.  
Rauð, rauð, rauð  
er rjóða kinninn mín.  
Allt sem er rautt, rautt  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla indíánann.

Svart, svart, svart  
er sjalið hennar frænku.  
Svart, svart, svart  
er litla lambið mitt.  
Allt sem er svart, svart  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla svertingjann.

Blátt, blátt, blátt  
er hafið bláa hafið.  
Blár, blár, blár  
er blái himininn.  
Allt sem er blátt, blátt  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla sjómanninn

Hvít, hvít, hvít  
er hvíta snjókerlingin.  
Hvít, hvít, hvít  
eru skýin sem ég sé.  
Allt sem er hvítt, hvítt  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla snjókarlinn.

### **Litabula**

Græn eru lafinn  
og grasið sem grær.  
Glóðin er rauð  
og eldurinn skær.  
Fífill og sóley  
eru fagurgul að sjá.  
Fjöllin og vötinn

og loftin eru blá.  
Hvítur er svanur  
sem syndir á tjörn.  
Svartur er hann krummi  
og öll hans börn.

### **Gulur, rauður...**

Gulur, rauður, grænn og blár  
svartur, hvítur, fjólublár.  
Brúnn, bleikur banani  
appelsína talandi.

### **Dagar og mánuðir**

Sunnudagur, mánudagur,  
þriðjudagur,  
miðvikudagur og fimmtudagur,  
föstudagur og laugardagur  
og þá er vikan búin.

Janúar, febrúar,  
mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst,  
september, október,  
nóvember og desember.

### **Pula um fingurna**

Pumalfingur er mamma,  
sem var mér vænst og best.  
Vísifingur er pabbi,  
sem gaf mér rauðan hest.  
Langatöng er bróðir,  
sem býr til falleg gull.  
Baugfingur er systir,  
sem þrjónar sokka úr ull.  
Litlifingur er barnið,  
sem leikur að skel.  
Litli þínu anginn,  
sem stækkar svo vel.  
Hér er allt fólkið  
svo fallegt og nett.  
Fimm eru á bænum,  
ef talið er rétt.  
Ósköp væri gaman

í þessum heim,  
ef öllum kæmi saman  
jafn vel og þeim.

### **Einn og tveir...**

Einn og tveir og þrír,  
fjórir, fimm og sex,  
sjö og átta og níu,  
teljum upp á tíu.  
La la la la la

One and two and tree.  
four and five and six,  
seven, eight and nine,  
fingers they are ten.  
La la la la la

Uno, dos y tres,  
cuatro, cinco, seis,  
seite, ocho, nueve,  
cuento hasta dies.  
La la la la la

### **Einn lítill**

Einn lítill, tveir litlir, þrír litlir fingur,  
fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir fingur,  
sjö litlir, átta litlir, níu litlir fingur,  
tíu litlir fingur á börnum.

# Jóralög

## Adam átti syni sjö

Adam átti syni sjö,  
sjö syni átti Adam.  
Adam elskaði alla þá  
og allri elskuðu Adam.  
Hann sáði, hann sáði.  
Hann klappaði saman lófunum.  
Stappaði niður fótunum.  
Ruggaði sér í lendunum  
og snéri sér í hring.

## Bráðum koma blessuð jólin

Bráðum koma blessuð jólin,  
börnin fara að hlakka til.  
Allir fá þá eitthvað fallgett,  
í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn,  
vandi er um slíkt að spá.  
Eitt er víst að allt það verður  
ákaflega gaman þá.

## Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Ég sá mömmu kyssa jólasvein  
við jólatréð í stofunni í gær.  
Ég læddist létt á tá  
til að líta gjafir á,  
hún hélt ég væri steinsofandi  
Stínu dúkku hjá.

Og ég sá mömmu kitla jólasvein  
og jólasveinninn út um skeggið hlær.  
Ja, sá hefði hlegið með  
hann pabbi minn hefði hann séð  
mömmu kyssa jólasvein í gær.

## Gekk ég yfir sjó og land

Gekk ég yfir sjó og land,  
hitti þar einn gamlan mann.  
Sagði svo og spurði svo:  
Hvar áttu heima?

„:Ég á heima á Klapplandi:;:  
Klapplandinu góða.  
...Grátlandi.  
...Hopplandi.  
...Hlælandi.  
...Stapplandi  
...Íslandi

## Göngum við í kringum

Göngum við í kringum  
:;:einiberjarunn:;:  
Göngum við í kring um einiberjarunn  
Snemma a mánudagsmorgni

- Þvolum
- Vindum
- Hengjum
- Teygjum
- Straujum
- Skúrum
- Greiðum okkar hár
- Göngum kirkjugólf

## Það á að gefa börnum brauð

Það á að gefa börnum brauð  
að bíta í á jólunum,  
kertaljós og klæðin rauð,  
svo komist þau úr bólunum,  
væna flís að feitum sauð,  
sem fjalla gekk á hólunum,  
nú er hún gamla Grýla dauð,  
gafst hún upp á rólunum.

## Í skóginum stóð kofi einn

Í skóginum stóð kofi einn  
Sat við gluggann jólasveinn.  
Þá kom lítið héraskinn

sem vildi komast inn.  
Jólasveinn ég treysti á þig,  
veiðimaður skýtur mig  
Komdu litla héraskinn,  
því ég er vinur þinn.

En veiðimaður kofann fann,  
jólasveininn spurði hann:  
"Hefur þú séð héraskinn  
hlaupa um hagann þinn?"  
"Hér er ekkert héraskott,  
hafa skaltu þig á brott.  
Veiðimaður burtu gekk,  
Og engan héra fékk.

### **Jólasveinar einn og átta**

Jólasveinar einn og átta  
ofan komu af fjöllum.  
Í fyrrakvöld þeir fóru að hátta,  
fundu hann Jón á Völlum.

Andrés stóð þar utan gátta  
það átti að færa hann tröllum.  
Þá var hringt í Hólakirkju  
öllum jólabjöllum.

### **Jólasveinar ganga um gólf**

Jólasveinar ganga um gólf  
með gildan staf í hendi,  
móðir þeirra sópar gólf  
og flengir þá með vendi.  
;,:Upp á stól stendur mín kannu.  
Níu nóttum fyrir jól  
þá kem ég til manna.;,:

### **Krakkar mínir komiði sæl**

Krakkar mínir komiði sæl,  
hvað er nú á seyði?  
Áðan heyrði ég eitthvert væl  
upp á miðja heiði.

Sjáið þið karlinn, sem kemur þarna inn,  
kanski það sé blessaði jólasveinninn  
minn.

og hef annars sjaldan séð  
svona marga krakka.  
Eitthvað kannski er ég með  
sem ekki er vont að smakka.

blessaður karlinn, já komdu hérna inn,  
hvað er þarna í pokanum, jólasveinninn  
minn?

Það fáíð þið seinna að sjá  
svona engin læti!  
Ég er kominn fjöllum frá  
og fæ mér bara sæti.

Segðu okkur, góði hvað sástu í þinni ferð?  
Seinna máttu gefa okkur dáldinn jólaverð.

### **Jólasveinninn minn**

;,:Jólasveinninn minn;,:  
ætlað að koma í dag  
með poka af gjöfum  
og segja sögur  
og syngja jólalag.  
Það verðu gaman  
þegar hann kemur  
þá svo hátíðlegt er.  
Jólasveinninn minn,  
káti karlinn minn  
kemur með jólin með sér.

### Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur  
skuggalangan daginn.  
Jólasveinar sækja að,  
sjást um allan bæinn.  
Ljúf í gleði leika sér  
lítil börn í desember  
inn í friði og ró  
út í frosti og snjó.  
Því að brátt koma björtu jólin  
bráðum koma jólin.

Upp á lofti, inn í skáp  
eru jólapakkar.  
Titra öll af tilhlökkun  
tindilfættir krakkar.  
komi jólakötturinn  
kemst hann ekki í bæinn inn,  
inn í frið og ró...

Stjörnur tindra stillt og rótt,  
stafa geislum björtum.  
Norðurljósin loga skær  
leika á himni svörtum.  
Jólahátíð höldum vér  
hýr og glöð í desember.  
inn í friði og ró...

### Skreytum hús með greinum

Skreytum hús með greinum grænum  
fa, la, la, la, la, la, la, la  
Gleði ríkja skal í bænum, fa, la...  
Tendrum senn á trénu bjarta,  
fa, la..  
Tendrum ljós í hverju hjarta,  
fa, la...

Ungir gamlir allir syngja, fa, la...  
Engar sorgir hugann þyngja, fa, la...  
Jólabjöllur blíðar kalla, fa, la...  
Boða frið um veröld alla, fa, la...

### Snæfinnur snjókarl

Snæfinnur snjókarl  
var með snjáðan pípuhatt,  
gekk í gömlum skóm  
og með grófum róm  
gat hann talað rétt og hratt.  
"Snæfinnur snjókarl!  
Bara sniðugt ævintýr,"  
segja margir menn  
en við munum enn  
hve hann mildur var og hýr.  
En galdrar voru geymdir  
í gömlu skónum hans:  
Er fékk hann þá á fætur  
sér fór hann óðara í dans.  
Já, Snæfinnur snjókarl,  
hann var snar að lifna við,  
og í leik sér brá  
æði léttur þá,  
- uns hann leit í sólskinið.

### Folaldið mitt hann Fákur

Folaldið mitt hann fákur  
fæddur var með hvítan hóf  
og er hann áfram sentist  
öll var gatan reykjarkóf.

Hestarnir allir hinir  
hæddu Fák og settu hjá  
í stað þess að stökkva í leikinn  
stóð hann kyrr og horfði á.

Milli élja á jólakvöld  
jólasveininn kom.  
"Fæ ég þig nú fákurinn  
fyrir stóra sleðann minn?"

Þá urðu klárar kátir  
kölluðu í einni hjörð.  
"Fákur með fótinn hvíta  
frægur er um alla jörð."

### **Ég fæ jólagjöf**

Ég fæ jólagjöf, ég fæ jólagjöf,  
en hver hún verður það er vandi að spá  
Eitthvað sem gaman er og gott að fá.

Ég fæ pakka frá afa og ömmu  
og annan líka frá pabba og mömmu  
en þennan böggul og bréfið til þín  
sendi' ég bara upp á grín

Nú finnst mér tíminn svo lengi að líða  
það er svo langt fram til kvölds að bíða.  
Þá kemur ef til vill eitthvað frá þér ef þú  
manst þá eftir mér.  
Ég fæ jólagjöf...

### **Þá nýfæddur Jesú**

Þá nýfæddur Jesú í jötunni lá  
á jólonum fyrstu var dýrðlegt að sjá.  
Þá sveimuðu englar frá himninum hans  
því hann er nú fæddur í líkingu manns.

Þeir sungu Halelúja með hátíðarbrag.  
Nú hlotnast guðsbörnum friður í dag.  
og fagnandi hirðarnir fengu að sjá  
hvar frelsarinn okkar í jötunni lá.

### **Í Betlehem er barn oss fætt.**

Í Betlehem er barn oss fætt  
Því fagni gjörvöll Adamsætt,  
;,:Halelúja;,:

Það barn oss fæddi fátæk mæri  
Hann er þó dýrðar drottinn skær  
;,:Halelúja;,:

Hann var í jötu lagður lágt  
en ríkir þó á himnum hátt.  
;,:Halelúja;,:

Í myrkrum ljómar lífsins sól,  
þér Guð sé lof fyrir gleðileg jól  
;,:Halelúja;,:

### **Nú er Gunna á nýju skónum**

Nú er Gunna á nýju skónum  
nú eru að koma jól.  
Siggi er á síðum buxum,  
Solla á bláum kjól.

Pabbi enn í ógnarbasli  
á með flibbann sinn.  
"Fljótur Siggi findu snöggvast  
flibbahnappinn minn".

Mamma er enn í eldhúsinu  
eitthvað að fást við mat,  
indæla steik hún er að færa  
upp á stærðar fat.

Kisu er eitthvað órótt líka  
út fer brokkandi,  
ilmurinn úr eldhúsinu  
er svo lokkandi.

Jólatréð í stofu stendur  
stjörnur glampar á,  
kertin standa á grænum greinum  
gul og rauð og blá.

### **Babbi segir**

Babbi segir, babbi segir  
bráðum koma dýrðleg jól.  
Mamma segir, mamma segir  
Magga fær þá nýjan kjól.  
Hæ, hæ ég hlakka til  
hann að fá og gjafirnar  
bjart ljós og barnaspil,  
borða sætu lummurnar.

Mamma segir, mamma segir  
Magga litla verður góð,  
henni gef ég, henni gef ég  
haus á snoturt brúðu fljóð.  
Hæ, hæ ég hlakka til  
hugkvæm verður brúðan fín  
hæ, hæ ég hlakka til  
himnesk verða jólin mín.

### **Litla jólabarn**

Jólalukkur klingja  
kalda vetrarnótt.  
Börnin sálma syngja  
sætt og ofurhljótt.  
Englaraddir óma  
yfir freðna jörð.  
Jóla ljósinn ljóma,  
lýsa myrkan svörð.

Litla jólabarn, litla jólabarn  
ljómi þinn stafar geislum  
um ís og hjarn.  
Indæll ásýnd þín,  
yfir heiminn skýn,  
litla saklausa jólabarn.

Ef þú hlærð og hjalar,  
hrærist sála mín.  
Heila tungu tala  
tærblá augu þín.  
Litla brosið bjarta  
boðskap flytur enn,  
sigrar myrkrið svarta,  
sigrar alla menn.

### **Heims um ból**

Heims um ból, helg eru jóla.  
Signuð mæst son Guðs ól,  
frelsun mannanna, frelsisins lind,  
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind  
;.:meinvill í myrkrunum lá.::

Heimi í hátíð er ný,  
himneskt ljós lýsir ský,  
lyggur í jötunni lávarður heims,  
lifandi brunnur hins andlega seims.  
;.:Konungur lífs vors og ljóss.::

Heyra má himnum í frá  
englasöng "Alelúja".  
Friður á jörðu því faðirinn er  
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér  
;.:samastað syninum hjá.::

### **Aðventukransinn**

Við kveikjum einu kerti á.  
Hans koma nálgast fer  
sem fyrstu jóla í jötu lá  
og Jesú barnið er.

Við kveikjum einu kerti á  
og komu bíðum hans,  
því Drottinn sjálfur soninn þá  
mun senda í líking manns.

Við kveikjum þremur kertum á,  
því konungs beðið er, þótt Jesú sjálfur  
jötu og strá  
á jólum kysi sér.

Við kveikjum fjórum kertum á.  
Brátt kemur gesturinn,  
og allar þjóðir þurfa að sjá,  
að þetta er frelsarinn.

### **Nú skal segja**

Nú skal segja, nú skal segja,  
hvernig litlar stúlkur gera.  
Vagga brúðu, vagga brúðu  
og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja,  
hvernig litlir drengir gera.  
Sparka bolta, sparka bolta  
og svo snúa þeir sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja,  
hvernig ungar stúlkur gera.  
Þær sig hneygja, þær sig hneygja  
og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja,  
hvernig gamlar konur gera.  
Prjóna sokka, prjóna sokka  
og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja,  
hvernig gamlir karlar gera.  
Taka í nefið, taka í nefið  
og svo snúa þeir sér í hring. Atsjú...

## Jólastjarnan

Bjart er yfir Betlehem  
blikar jólastjarna.  
Stjarnan mín og stjarnan þín  
stjarna allra barna.  
Var hún áður vitringum  
vegaljósið skæra.  
Barn í jötu borið var  
barnið ljúfa kæra.

Víða höfðu vitringar  
vegi kannað hljóðir.  
fundu sínum ferðum á  
fjöldamargar þjóðir.  
Barst þeim allt frá Betlehem  
birtan undur skæra.  
Barn í jötu borið var  
barnið ljúfa kæra.

Barni gjafir gáfu þeir  
blítt þá englar sungu.  
Lausnaranum lýstu þeir  
lofgjörð Drottni sungu.  
Bjart er yfir Betlehem  
blikar jólastjarna.  
Stjarnan mín og stjarnan þín  
stjarna allra barna.

## Jóla-jólasveinn

Hver læðist inn í svefnherbergi  
og lætur gott í skó meðan  
litlu börnin sofa í ró.  
Það er einn jóla-jóla-jólasveinn,  
kannski hann Gáttaþefur jólasveinn

Hver kíkir ofan í pottana  
og krækir sér í mat  
og af kjöti borðar á sig gat?  
Það er einn jóla-jóla-jólasveinn,  
það er hann Bjúgnakrækir jólasveinn.

Hver gægist ósköp laumulega  
á gluggana um nótt meðan  
litlu börnin lúra rótt?  
Það er einn jóla-jóla-jólasveinn,  
það er hann Gluggagægir jólasveinn.

Hver langar einhver kynstur  
jólakerti til að fá,  
hann er kúnstugur á svipinn sá?  
Það er einn jóla-jóla-jólasveinn,  
það er hann Kertasníkir jólasveinn.

Hver skundar inn og hurðinni hann skellir  
eftir sér  
rauða skotthúfu á höfði ber?  
Það er einn jóla-jóla-jólasveinn,  
það er hann Hurðaskellir jólasveinn.

Og Kjötkrókur og Skyrgámur  
og líka Stekkjastaur  
og svo Stúfur og hann Giljagur.  
Þeir eru jóla-jóla-jólasveinarnir og bestu  
grey sem við um jólin gleymum ei



## **Jólaklukkan klingja**

Jólaklukkan klingja  
kalda vetrarnót.  
Börnin sálma syngja  
sætt og ofurhljótt.  
Englaraddir óma  
yfir freðna jörð.  
Jólaljósín ljóma  
lýsa upp myrkan svörð.

Litla jólabarn  
litla jólabarn  
ljómi þinn stafar geislum  
um ís og hjarn.  
Indæl ásýnd þín  
yfir heiminn skín  
litla saklausa jólabarn.

Ljúft við vöggú lága  
lofum við þig nú.  
Undrið ofursmáa  
efflir von og trú.  
Veikt er vesælt alið  
varnarlaust og smátt  
en fjöregg er þér falið  
framtið heims þá átt

Er þú hlærð og hjalar  
hrærist sála mín.  
Helga tungu talar  
tærblá augu þín.  
Litla brosið bjarta  
boðskap flytur enn  
sigrar myrkrið svarta  
sigrar alla menn